



**SKOÐUN** Guðmundur Andri segir enga þjóð hafa gott af því að hafa yfir annarri að segja. **13**



**MENNING** Sýning Shakepeare's Globe Theatre á Hamlet er umdeild. **20**



**LÍFID** Druslugangan var gengin í blíðskaparveðri á laugardaginn. **22**



**SPORT** Birgir Leifur hafði gríðarlega yfirburði á heimavelli sínum. **26**



# FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur  
28. júlí 2014  
175. tölublað 14. árgangur  
Sími: 512 5000

MEST LESNA  
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI\*

## FRÉTTIR



### Höfum ekki ráð á aðgerðaleyfi

Hópurinn sem bjó við sára fátækt fyrir hrún býr nú við enn krappari kjör, segir Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. **8**

**Vilja nýtt húsnæði** Tveir unglingspiltar á Hellissandi kvarta yfir óboðlegu húsnæði félagsmiðstöðvar sveitarfélagsins. **2**

**Sáttafestur nær til hausts** Bæjar-yfirvöld á Hornafirði vilja að landeigendur á austurbakka Jökulsárlóns setji niður deilur um uppbyggingu á staðnum. **4**

**Þriðjungur vildi auglýsa** Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps réð sveitarstjóra án auglýsingar, þrátt fyrir áskorun um annað frá stórum hluta íbúa. **6**

# Kærir fyrrverandi stjórn Lifandi markaðar fyrir fjárvik

Heildsalan Innnes hefur kært fyrrverandi stjórn matvöruvirkisins Lifandi markaðar og fer fram á að lögregla rannsaki hvort fyrirtækið hafi beitt viðskiptavini blekkingum í kjölfar þess að biðja um gjaldþrotaskipti.

**VIÐSKIPTI** Heildsalan Innnes ehf. hefur kært fyrrverandi stjórnendur Lifandi markaðar fyrir fjárvik og blekkingar. Í kærú kemur fram að Lifandi markaður hafi lagt inn pantanir hjá Innnesi eftir að fyrirtækið hafði óskað eftir gjaldþrotaskiptum.

Þáverandi stjórnendur Lifandi markaðar óskuðu eftir gjaldþrotaskiptum 26. júní síðastliðinn og var fyrirtækið úrskurðað gjaldþrota í Héraðsdómi Reykjavíkur 4. júlí. Í millitíðinni samdi fyrirtækið við Innnes um greiðslu á eldri skuldum og frekari pantanir. „Þeir voru í skuld við okkur og þess vegna var



„Þetta snýst um heiðarleika.“  
Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innnes ehf.

viðskiptareikningur þeirra lokaður,“ segir Magnús Óli Ólafsson, forstjóri Innnes ehf. Fyrirtækið hafi hins vegar lofað því að fyrirgreiðsla væri væntanleg og eldri skuld yrði greidd niður á næstu þremur vikum. Því hafi pantanirnar verið afgreiddar.

Verðbréfafyrirtækið Virðing

var eigandi Lifandi markaðar. „Við töldum að þau væru það vönd að virðingu sinni að við þyrftum ekki að hafa áhyggjur af því. Svo heyrðum við síðar að fyrirtækið hefði verið úrskurðað gjaldþrota,“ segir Magnús Óli. Ákvörðun um að kæra fyrirtækið til lögreglu snúist ekki einvörðungu um peninga. „Ef við værum að sækjast eftir peningunum einum og sér þá gætum við gert bótakröfu beint á stjórnendur en það er ekki það sem vakir fyrir okkur. Þetta snýst um heiðarleika.“

Lifandi markaður átti í viðskiptum við fjölda smærri birgja sem áttu mikið undir viðskiptunum.

Karen Emilía Jónsdóttir, eigandi Kaja organic ehf., segir fyrirtækið hafa pantað hjá henni 7. júlí síðastliðinn, þremur dögum eftir að það var úrskurðað gjaldþrota. „Þetta er stór skellur fyrir lítið fyrirtæki sem er rétt að byrja,“ segir hún. Samanlögð skuld Lifandi markaðar við Kaja organic nemur um 900 þúsund krónum. Hún og aðrir minni birgjar eru að skoða réttarstöðu sína.

Við vinnslu fréttarinnar náðist aðeins í tvo stjórnarmenn Lifandi markaðar af þeim þremur sem kærðir eru. Þeir vildu ekki tjá sig um málið að svo stöddu. -ssb



Bolungarvík	12°	NA	3
Akureyri	15°	SA	2
Egilsstaðir	15°	SSA	6
Kirkjubæjarkl.	12°	SA	7
Reykjavík	13°	SA	6

**Hljást NA-til** Í dag má búast við strekkingi allra syðst, annars hægar vindi. Rigning sunnan og vestan til en úrkomulítið að mestu N- og NA-lands. **4**

## 2 SÉRBLÖÐ

Fasteignir | Fólk



**HALLDÓR HAFDAL Á STÍMINU** Það getur verið skynsamlegt að láta veðurspá vísa veginn en það getur líka orðið til þess að Halldór sitji einn í blíðunni fyrir vestan. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## Íslendingar afbókuðu ferð í Látavík vegna óveðurs sem reyndist svo blíða: Spáin ræður för Íslendinganna

**FERÐAÞJÓNUSTA** Halldór Hafdal Halldórsson, skálavörður í Hornbjargsvita í Látavík, segir íslenska ferðamenn láta ferðaáætlun sína að miklu leyti ráðast af veðurspám.

Það er oft talið skynsamlegt að bera sig að líkt og heimamenn gera en svo er hægt að brenna sig á því eins og dæmin sanna. „Ef það spár illu þá afbóka íslensku ferðamennirnir,“ segir hann.

„Það var til dæmis nær alveg tómt hjá mér síðustu tvo daga út af svona afbókunum en veðrið hefur sjaldan verið betra. Ég ætlaði að fara að mála en það var alltof heitt til að standa í því.“

Að öðru leyti segir hann ekki mikinn mun á íslensku og erlendu gestunum nema kannski að þeir



**HORNBJARGSVITI** Af síðustu fjórum árum hefur Majorablíða einkennt tvö. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

íslensku geri betur við sig þar vestra meðan þeir erlendu komi aðeins með allra nauðsynlegustu vistir.

Þetta er fjórða sumarið sem Halldór hefur umsjá með vitanum og ýmislegt hefur breyst á

„Ég ætlaði að fara að mála en það var alltof heitt til að standa í því.“

Halldór Hafdal Halldórsson, skálavörður í Hornbjargsvita

þessum tíma. „Fyrstu tvö sumrin voru ein Majorablíða, 27 stig, dag eftir dag en þau tvö síðustu hafa verið nokkuð blaut,“ segir hann. Hann unnið hag sínum vel í sumarvinnunni en vetursetu hefur hann í Kópavogi.

Þegar hann er spurður hvort enn votti fyrir anda og ummerkjum hins fræga vitavardar Óla komma, Ólafs Þ. Jónssonar, þá stendur ekki á svari. „Vitaskuld,“ segir hann, „meira að segja stjarnan hans er enn uppi.“ -jse

## Erlend brúðkaup vinsæl: Velja Ísland fyrir brúðkaupið

**FÓLK** „Í hverri viku fáum við að minnsta kosti fimm fyrirspurnir frá pörum sem vilja koma til Íslands og gifta sig,“ segir bandaríski ljósmyndarinn Ann Peters. Hún rekur, ásamt eiginmanni sínum Chris, vefsíðuna icelandweddingplanner.com.

Hjónin Ann og Chris Peters giftu sig hér á landi árið 2012 og segjast hafa fallið algjörlega fyrir stórbrotnu landslaginu hér. „Ísland er eini staðurinn þar sem hægt er að sjá jökla, eldfjöll, fossa, svarta sanda, hella og torfbæi á einum degi!“



CHRIS OG ANN PETERS

-ka / sjá síðu 30

**FLJÓTLEGT OG ÞÆGILEGT**

**24/7**

**1011**

**Undragóð blanda við bólgum og meiðslum**

**Nýtt**

natures aid  
Ginger, Turmeric & Bromelain  
3-in-1 Botanical Formula

www.gengurvel.is



## SPURNING DAGSINS



Ykkur hefur ekki dottið í hug að selja plötuna?

Nei, við höfum ekki hugað að því. Í seinustu viku gaf tónlistarmaðurinn Bergur Þórisson út plötuna Hugar ásamt félagasinum Pétri Jónssyni en hana má nálgast ókeypis á heimasíðunni hugar.is.

Íslensk stjórnvöld og írönsk funda um aukin tengsl og samvinnu landanna:  
Sendinefnd boðið til Reykjavíkur

**UTANRÍKISMÁL** Ísland vill efla tengsl sín við Íran. Þetta kemur fram í frétt miðilsins Teheran Times. Þar segir að Gunnar Pálsson sendiherra hafi fundað með Valiollah Afkhami-Rad sem er forstöðumaður utanríkisviðskiptastofnunar Írans.

Haft er eftir Afkhami-Rad að íranska ríkisstjórnin vilji efla tengslin við önnur lönd og samstarf við Ísland sé liður í því. Stefna Írans sé að fækka viðskiptahindrunum og bæta samskipti og efla viðskipti við önnur ríki.



GUNNAR PÁLSSON

VALIOLLAH AFKHAMI-RAD

Afkhami-Rad telur að samstarfið geta verið á mörgum sviðum, svo sem á sviði sjávarnytja, vatnsfallsvirkjana, vistvænna orku-

gafa, jarðvísinda og ferðaþjónustu. Þá kemur fram í frétt Teheran Times að Gunnar Pálsson hafi boðið íranskri sendinefnd að koma hingað í september á sjávarútvegssýninguna í Reykjavík.

Í kínverska miðlinum Shanghai Daily, sem einnig fjallar um fundinn, er hann settur í samhengi við áætlanir Írana um aukin umsvif í alþjóðaviðskiptum. Tengsl Írans og Ítalíu eru rakin í þeirri frétt, en Ítalir hafa verið leiðandi í að auka viðskipti Evrópuríkja við Íran. -kak

Popptónleikar í kirkju:  
Deila vegna aðgangseyris

**FÆREYJAR** Í ráðuneyti kirkjumála í Færeyjum ihuga menn nú að banna miðasölu að viðburðum í kirkjum vegna heitra umræðna í kjölfar popptónleika í kirkju í Eidi í júní.

Safnaðarráðið og biskup Færeyja, Jogvan Fredrikson, höfðu leyft að rukkað yrði fyrir aðgang, segir í frétt Kristilega dagblaðsins í Danmörku. Biskup segir kirkjuna hafa greitt fyrir tónlistarflutning við kirkjulegar athafnir. Tvískinnungur sé að greiða ekki fyrir aðra viðburði. -ibs



**SUNGU TIL HEIÐURS LEIÐTOGANUM** Þessi fjölmenni kór söng kóresk ættjarðarlög til heiðurs leiðtoga Norður-Kóreu, Kim Jong Un. MYND/AP

Minnast þess að 61 ár er liðið síðan bardögum lauk í Kóreu: Héldu upp á afmæli vopnahlésins

**NORÐUR-KÓREA** Kóreustríðið 1950-53 endaði með að samið var um vopnahlé á milli Norður- og Suður-Kóreu. Í Norður-Kóreu er haldið upp á afmæli vopnahlésins með viðeigandi hætti ár hvert.

Á sunnudag var afmælinu fagnað með tiltölulega lágstemmdum hætti. Hinn ungi leiðtogi, Kim Jong Un, kom ekki opinberlega fram í tilefni dagsins. Hermönnum stríðsins sem nú eru á áttæðis- og níráæðisaldri var þó fagnað víða um land.

Í höfuðborginni Pjongjang kom fólk saman og minntist stríðsins. Kór söng lög til heiðurs Kim Jong Un og boðið var upp á danssýningar. -ssb

## Vilja nýtt húsnæði undir félagsmiðstöð

Tveir strákar á Hellissandi segja í bréfi til bæjarfélagsins að húsnæði félagsmiðstöðvar unglinga þar sé ekki boðlegt. Lítið sé um afþreyingu og hver sé í símanum í sínu horni. Þeir eru hugmyndaríkir og hafa þegar fundið lausn á málinu.

**FÓLK** „Nú biðum við spenntir hvort samfélagið okkar verði ekki betra fyrir unga fólk því þar er framtíðin.“ Þannig lýkur bréfi vinanna Ívars Reynis Antonssonar og Péturs Steinars Jóhannssonar til Snæfellsbæjar þar sem þeir biðla til bæjarins um betra húsnæði undir félagsmiðstöð sína.

„Við Pétur Steinar erum mjög góðir vinir og höfum tekið eftir því við félagsmiðstöðina hvað hún er ógeðsleg,“ sagði Ívar Reynir í samtali við Fréttablaðið. „Við höfum oft kvartað yfir hvernig þetta er,“ bætir Pétur við.

Klósettin eru ekki boðleg að sögn drengjanna, vatnið óhreint og vaskurinn ekki í lagi. „Svo eru göt á veggnum þar sem er ryk og köngulárvefir,“ lýsir Pétur. Eða „mjög líklega heilsuspillandi aðstæður“, eins og þeir segja í bréfinu.

„Það er skítur á gólfinu sem ekki er hægt að þrifa af, það er ekki hægt að vera á sokkum þannig að við erum alltaf í inniskóm sem félagsmiðstöðin á,“ útskýrir Ívar.

Stærsta vandamálið er þó það að lítið er um að vera í félagsmiðstöðinni en drengirnir eru uppfyllir af hugmyndum að skemmtilegri afþreyingu. „Við gerum ekki neitt, hver er bara í sínu horni í sínum síma. Maður er nóg í símanum á daginn.“

Þeir Pétur og Ívar hafa þegar fundið lausn á vandamálinu sem þeim þykir sanngjörn og vel til fundin. „Það er alveg geðveikt hús fyrir félagsmiðstöð á Hellis-



**SPRELL Í ÍPRÓTTASALNUM** Ungmennir á Hellissandi bregða á leik. MYND/DÓRA UNNARS

sandi og það er gamla björgunarsveitarhúsið,“ segir Ívar. Húsið kallast Líkn og stendur autt eftir að björgunarsveitirnar á svæðinu sameinuðust.

„Það sem við vorum að hugsa með nýju félagsmiðstöðinni er að þá væri hægt að hafa bakstursdag eða fara í fótbolta í félagsmiðstöðinni.“ Strákarnir benda einnig á að í nýja húsnæðinu væri hægt að hafa kósi- og bíóherbergi, setja upp körfuboltakörfu, nálgast boðlegt klósett og hreint vatn.

Drengirnir hafa fengið svar frá bænum þar sem þeim er þakkað fyrir tillöguna, málið verði tekið til umhugsunar og nánara svar berist síðar. nanna@frettabladid.is



**TEKUR TIL HENDINN** Ívar Reynir Antonsson mundar hér þvottaefnisbrúsa við þrif í félagsmiðstöðinni. MYND/DÓRA UNNARS

Fölsunarstarfsemi upprætt:  
Seldu fölsuð landvistarleyfi

**SPÁNN** Spænska lögreglan hafði hendur í hári fjórtán manna glæpagengis í gær en gengið sérhæfði sig í að selja ólögleg vegabréf og landvistarleyfi í Bandaríkjunum. Söluverðið var á bilinu 150 til 240 þúsund, í íslenskum krónum.

Ferðaskrifstofa var notuð til að koma auga á hugsanlega viðskiptavinum sem flestir komu úr kúbversku samfélagi á Kanaríeyjum. Flestir hinna handteknu voru einnig Kúbverjar, það er að segja ellefu, en hinir þrír voru Spánverjar. -jse

Sótt í Almennina:  
Göngukona slasast á fjöllum

**SLYS** Björgunarsveitarmenn undan Eyjafjöllum og frá Hvolsvelli sóttu konu sem hrasaði og slasaðist á öxl þegar hún var á göngu í Almenninum. Tilkyrningin barst um klukkan fimm í gær og að sögn Jóns Hermannssonar, sem var meðal björgunarmanna, voru þeir komnir að henni um tveimur klukkustundum síðar en um langa leið er að fara. Hún var flutt með fjórhjóli nokkurn spól þar til komið var að slóða sem fær var björgunarsveitarbíl og loks tók sjúkrahöll við þar sem honum var fært. -jse



**40% afsláttur af ÖLLUM sjónglerjum**

Kíktu við í verslanir okkar og við tökum vel á móti þér

**prooptik**  
gleraugu

Kringlunni - Skeifunni - Spönginni

Fátt bendir til þess að friður muni nást á Gasasvæðinu þrátt fyrir tilraunir:  
Átök á Gasa þrátt fyrir vopnahlé

**GASA** Hamas-samtökin kölluðu eftir sólarhrings vopnahléi við Ísraelsher á sunnudag í tengslum við Eid al-Fitr, hátíð múslíma, sem hefst á mánudag og markar lok ramadan-föstudunnar.

Talsmaður Hamas, Sami Abu Zuhri, sagði að vopnahlé myndi hefjast klukkan tvö að staðartíma. Stuttu síðar fóru þó viðvörunarlúðrar í Ísrael af stað þegar þremur flugskeytum var skotið yfir. Flugskeytin ollu engum skaða eða meiddslum á fólk.

Peter Lerner, talsmaður Ísraelshers, vildi ekki tjá sig um hvort Ísraelar myndu halda sig við vopnahlé þrátt fyrir þetta. Hann sagði þó að hermenn myndu halda áfram að loka neðanjarðargöngum á Gasasvæðinu á meðan vopnahlé stæði yfir.

Áður hafði Ísraelsher boðið vopnahlé á laugardag en án árangurs. Hamas-samtökin vilja ekki samþykkja vopnahlé nema Ísraelsher fari af Gasasvæðinu á meðan því stendur og sleppi Palestínunömmum sem herinn heldur föngnum.

Árásir á Gasa hafa staðið í 20 daga. 1.060 Palestínunömm hafa látið lífið, flestir óbreyttir borgarar. Á sama tíma hafa 43 hermenn látið lífið í Ísrael, tveir almennir borgarar og einn erlendur ríkisborgari.



**FÓTBROTINN** Faðir þessa fjögurra ára drengs segir hann hafa fótbrotnað vegna braks sem hann fékk yfir sig þegar Ísraelsher varpaði sprengju í grenndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hingað til hefur verið rólegt á Vesturbakkanum en nú hafa mótmæli þar gegn Ísraelsstjórn aukist. Níu mótmælendur hafa látist í átökum við lögreglu. -ssb



5  
ÁRA  
Ábyrgð  
Ótakmarkaður  
Akstur  
5 ára ábyrgð  
Ótakmarkaður akstur



**Hyundai Santa Fe**  
Sparneytinn lúxusjeppi  
Verð frá: 7.150.000 kr.  
Eyðsla frá 6,7 l/100 km\*

# Glæsilegur árangur Hyundai í gæðakönnun J.D. Power

Eins og fram kom í bílablaði Fréttablaðsins í vikunni rataði Hyundai í fyrsta sæti gæðakönnunar J.D. Power í síðustu viku. Einkum voru það áreiðanleiki og lág bilanatíðni sem skiluðu Hyundai sigri í þremur stærðarflokkum. Þessi niðurstaða staðfestir að Hyundai bílar eru með þeim traustustu og endingarbestu á markaðnum.

Í fréttinni sagði einnig: „Margir nýir bílar eiga erfitt með að ná góðum árangri vegna flókinna hönnunar og fer vandamálið vaxandi eftir því sem aukabúnaður eykst í bílum. Hyundai kemst vel frá þessu vandamáli enda hefur framleiðandinn lagt mikla áherslu á notendavænt umhverfi bílanna sem hefur orðið til þess að upplifun eigenda á raunverulegum gæðum verður meiri og betri.“

## Núi bíllinn er Hyundai

GE bílar  
Reykjanesbæ  
[www.bilahusid.is](http://www.bilahusid.is)  
420 0400

Bílasalan Bílás  
Akranesi  
[www.bilas.is](http://www.bilas.is)  
431 2622

Bílasala Akureyrar  
Akureyri  
[www.bilak.is](http://www.bilak.is)  
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands  
Egilsstöðum  
[www.bva.is](http://www.bva.is)  
470 5070

IB ehf.  
Selfossi  
[www.ib.is](http://www.ib.is)  
480 8080



**HYUNDAI** NEW THINKING.  
NEW POSSIBILITIES.

Hyundai – Kaupúni 1 – Beint á móti IKEA – Sími: 575 1200  
[www.hyundai.is](http://www.hyundai.is) – [www.facebook.com/hyundai.is](http://www.facebook.com/hyundai.is)



SVONA ERUM VIÐ



**9.000 Íslendingar eru án vinnu og í atvinnuleit** í júní síðastliðnum voru að jafnaði 195.400 manns á vinnumarkaði. Atvinnuleysi á meðal 16-24 ára mældist 6,8% á meðan það var 4,1% hjá 25 ára og eldri.

# Ellefu dagar eru frá því að malasísk farþegaþota var skotin niður yfir svæði aðskilnaðarsinna í Úkraínu: **Átök í Úkraínu tefja rannsókn á flugi MH17**

**ÚKRAÍNA** Rannsókn á orsökum þess að malasíska flugvélin í flugi MH17 brotlenti í austurhluta Úkraínu hefur enn ekki hafist að fullu. Ellefu dagar eru síðan flugvélin hrapaði. Övopnuð alþjóðleg lögreglusveit, meðal annars frá Ástralíu, hugðist hefja rannsókn á vettvangi á sunnudag en þurfti frá að hverfa vegna átaka á svæðinu. Átökin standa enn sem áður á milli aðskilnaðarsinna sem eru hallir undir Rússa annars vegar og úkraínska hersins hins vegar.

Malasíska farþegaþotan var skotin niður fimmtudaginn 17. júlí síðastliðinn með flugskeyti frá jörðu niðri. Talið er að flugskeytið hafi borist frá yfirráðasvæði aðskilnaðarsinna. Allir 298 sem voru um borð létust. Sönnunargögn úr flaki vélarinnar liggja undir skemmdum vegna umgangs um svæðið. Rótað hefur verið í brakinu í leit að munum og enn á eftir að fjarlægja allar líkamsleifar af svæðinu. Tony Abbot, forsætisráðherra

Ástralíu, segir að öruggasta leiðin til að hefja rannsókn á svæðinu sé með övopnuðu liði lögreglumanna. „Þetta er áhættusöm aðgerð. Það leikur enginn vafi á því,“ sagði Abbot. Um það bil 170 ástralskir lögreglumenn bíða nú í Úkraínu eftir því að hefja rannsóknina. Fyrstu skref þeirra verða að ganga frá þeim líkamsleifum sem eftir eru á svæðinu. Alls hafa 227 kistur með líkamsleifum verið fluttar til Hollands.



**MÆTTIR TIL RANNSÓKNAR** Þessir hollensku lögreglumenn voru staddir í Dónetsk-borg í austurhluta Úkraínu á sunnudag. Vegna átaka geta þeir ekki hafið rannsókn á hrapi MH17. MYNDIAP



**MJAKAÐ INN Í HÖFNINA** Fjöldi togbáta þurfti til að draga skipið á áfangastað. MYNDIAP

## Flutningur skemmtiferðaskipsins gekk vonum frammar: **Costa Concordia komið til hafnar**

**ÍTALÍA** Tekist hefur að koma skemmtiferðaskipinu Costa Concordia til hafnar en það strandaði undan ströndum Toskanahéraðs á Ítalíu í janúar árið 2012.

Skipið lá lengi á hliðinni óhreyft en í september í fyrra var það reist við. Það tók fimm daga að draga skipið til hafnar í Genóa þar sem það verður rífið.

Skipstjóri skipsins, Francesco Schettino, bíður nú dóms fyrir manndráp og fyrir að stranda skipinu og flýja á meðan fjöldi farþega var enn um borð. Þrjátíu farþegar og áhafnarmedlimir létust í slysinu en lík tveggja áhafnarmedlima hafa enn ekki fundist. Leitað verður í skipinu að þeim áður en það verður rífið.

**LANDHELGISGÆSLAN**

**Höfuðáverkar eftir fall**  
Pyrlla Landhelgisgæslunnar var kölluð út um klukkan ellefu á laugardagskvöld en þá hafði kona fallið um það bil þrjá metra skammt frá Geysi í Haukadal.

**Ferðamaður með kvíðverki**  
Skömmu eftir þrjú aðfaranótt sunnudags var þyrllan kölluð að Drekkaskála norðan Vatnajökuls þar sem var breskur ferðamaður með mikla kvíðverki. Komið var með hann til Reykjavíkur um klukkan sex í gær morgun.

**Nád í tvo sjúklinga**  
Gæslunni barst tilkynning um farsjúkan mann, öðru sinni við Drekkaskála, og á meðan verið var að sinna því kalli barst annað frá rútu við Dyngjuháls, norðvestan við Kárahnjúka. Þar var veikur maður meðal farþega. Báðir komu til Reykjavíkur í sömu ferð þyrlunnar.

## Hergögn á leið til Úkraínu: **Tóku búnað fyrir flugskeyti**

**FINNLAND** Finniskir tollverðir lögðu hald á gám sem innihélt búnað fyrir flugskeyti. Gámurinn var í flugvél á leið frá Víetnam til Úkraínu með viðkomu í Hong Kong og Finnlandi. Tollverðirnir fundu gáminn í júní, samkvæmt frétt á vef Hufvudstadsbladet.

Ekki hafði verið beðið um leyfi fyrir flutningi gámsins, sem vó rúmlega eitt tonn, í gegnum Finnland og þess vegna var lagt hald á hann.

Málið er rannsakað sem brot á reglum um útflutning á hergögnum.

# Landeigendur fá frest til sáttu um Jökulsárlón

Bæjaryfirvöld í Hornafirði vilja að landeigendur á austurbakka Jökulsárlóns setji niður deilur og nái fyrir haustið sátt um uppbyggingu á staðnum. Bæjarstjóri segir óhjákvæmilegt að verða við kröfu um að vísa fyrirtækinu Ice Lagoon frá lóninu.

**SKIPULAGSMÁL** „Þarna eru að koma yfir 200 þúsund gestir á sumri og það er gjörsamlega ófullnægjandi aðstaða til að veita þessu fólki venjulega og almennilega þjónustu,“ segir Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar, um deilur landeigenda og ferðaþjónustufyrirtækja við Jökulsárlón.

Dómur féll í júní í máli sameignarfélags landeigenda á hendur meðeiganda þeirra í jörðinni Felli, Einari Birni Einarssyni, sem á fyrirtækið Jökulsárlón ehf. Sameignarfélagið vildi að samningi Einars frá árinu 2002 um landið við lónið yrði rift en því hafnaði héraðsdómur. Einar er ekki meðlimur sameignarfélagsins. Fleiri landeigendur hafa einnig sagt sig úr félaginu.

Sveitarfélagið lét í samvinnu við landeigendur deiliskipuleggja þjónustulöð við lónið í landi Fells. Einar Björn hefur sent inn hugmyndir og óskað eftir framkvæmdaleyfi og sameignarfélagið hefur fyrir sitt leyti samið við fasteignafélag um að byggja þjónustuna á sömu löð við lónið.

„Við getum hvorugum veitt leyfi fyrir en samþykki allra liggur fyrir,“ segir Björn Ingi bæjarstjóri sem bendir á að allir landeigendurnir þurfi að samþykkja allar framkvæmdir á landinu. Þetta geri málið erfitt viðfangs en það sé aðkallandi og verði að leysa því aðstaðan sé ekki boðleg.

„Þetta er okkur ekki til sóma,“ segir Björn. „Við ætlum að senda öllum landeigendum bréf og skora á þá að finna einhverja leið til að við getum farið í einhverja upp-



**JÖKULSÁRLÓN** Búist er við yfir 200 þúsund ferðamönnum að Jökulsárlóni í sumar en aðstaðan er ekki boðleg, segir bæjarstjóri Hornafjarðar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

byggingu á grunni þessa deiliskipulags. Við ætlum helst ekki að gefa þeim frest nema fram á haustið.“


Annar angi málsins er starfsemi samkeppnisaðila Jökulsárlóns ehf. Einar hefur nú krafist þess að sveitarfélagið Hornafjörður uppfylli „skyldur sínar og stöðvi starfsemi fyrirtækisins Ice Lagoon“ sem hóf rekstur ferðaþjónustu á sama stað og fyrirtæki Einars á austurbakka lónsins án þess að hafa leyfi fyrir sinni starfsemi.

**Þetta er okkur ekki til sóma.**

Björn Ingi Jónsson, bæjarstjóri Hornafjarðar

„Lögræðingur okkar segir að okkur sé ekki stætt á öðru en að gera það,“ segir Björn sem kveður Ice Lagoon hafa verið sent bréf á miðvikudag þar sem gefinn sé tíu daga andmælafræstur.

**Veðurspá**



**KÓLNAR N-TIL** Í dag eru horfur á rigningu S- og V-til en yfirleitt úrkomulítið norðan- og austanlands. Á morgun snýst vindur í N- og NA-áttir, þá léttir til og hlýnar sunnanlands en kólnar heldur á norðanverðu landinu.

Soffía Sveinsdóttir veðurfréttamaður

**Ný bragðtegund með Camembert**

**Smurostar** við öll tækifæri

Ný viðbót ...  
... á ostabakkann  
... á pítsuna  
... í brauðréttinn eða á hrökkbrauðið



# Snjallasti díllinn!



**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 12 mán.  
fylgir.

**iPhone 5s 16GB**

**109.990 kr.** stgr.

**6.690 kr.** /18 mán.



**4G**  
LTE

1.000 kr.  
notkun eða  
500 MB á mán.  
í 6 mán.  
fylgir.

**iPhone 5c 16GB**

**89.990 kr.** stgr.

**5.490 kr.** /18 mán.

**Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!**

**NOVA**

Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | Facebook | Twitter

Mánaðarleg afborgun greidd með kreditkort og brosi á vör + 325 kr./mán. greiðslugjald.



## VEISTU SVARID?



1. Hverjir fara með aðalhlutverkin í nýju tónlistarmyndbandi Samaris?
2. Hvað kostar ný plata hljómsveitarinnar Hugar?
3. Hversu oft hefur Innipúkinn verið haldinn?

## SVÖR

1. María Birta Bjarnadóttir
2. Ólafur Dættir Ólafsson
3. Hann hefur verið haldinn tólf sinnum

Prjár misheppnaðar aftökur í Bandaríkjunum hafa vakið spurningar:

## Dauðarefsingar endurskoðaðar

**BANDARÍKIN** Þrjár misheppnaðar aftökur á hálfu ári í Bandaríkjunum hafa orðið til þess að umræða hefur skapast um réttmæti dauðarefsinga og mannúðlegar aðferðir.

Á miðvikudag urðu mistök við aftöku í Arizona-fylki sem leiddu til þess að sá dæmdu kvaldist í tvær klukkustundir áður en yfir lauk.

Erfiðlega gengur að fá lyf sem þykja henta til dauðarefsinga en einnig eiga böðlar sem ekki eru heilbrigðismenntaðir í stökustu vandræðum með að sprauta lyfjum rétt

inn í handlegg þeirra dæmdu. Alex Kozinski, yfirdómari í niunda áfrýjunarrétti Bandaríkjanna, segir að réttast væri að lögleiða aftur aftöku-sveitir.

„Ef þjóðfélagið getur ekki höndlað sódaskapinn sem fylgir aftöku-sveitum, þá ættum við ekki að leyfa dauðarefsingar yfirhöfuð,“ segir Alex meðal annars.

Ríkisstjórar Arizona, Ohio og Oklahoma hafa farið fram á að verkferlar í tengslum við dauðarefsingar verði yfirfarnir.



**AFTÖKUBEKKUR** Fangavörður í Arizona lagar fjöttra sem notaðir eru til að festa fanga niður áður en þeir fá banvænu sprauturnar.

## Afleysingar í dómstólum: Skortur á dómurum í Svíþjóð

**SVÍPJÓÐ** Sjötti hver starfandi dómari í Svíþjóð er eftirlaunþegi í afleysingastörfum, að því er kemur fram á vef Sænska dagblaðsins. Þar að auki er einn af hverjum fimm dómurum í föstu starfi kominn yfir sextugt.

Ástandið hefur verið svipað í mörg ár og er dómarskorturinn einkum á minni stöðum á landsbyggðinni. Fáir eru sagðir hafa farið í sérstakt dómaramám auk þess sem hærri laun bjóðast á öðrum vettvangi.



**PINGVALLAVATN** Vatnið hefur verið vaktað síðan 2007.

## Sveitarfélög í uppsveitum: Borga í vöktun Þingvallavatns

**UMHVERFISMÁL** Umhverfisstofnun hefur boðið sveitarfélögum Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi aðkomu að vöktunarverkefni um lífríki og vatnsgæði Þingvallavatns.

„Umrætt verkefni hófst árið 2007 og þeir sem staðið hafa að verkefninu eru Umhverfisstofnun, Þjóðgarðurinn á Þingvöllum, Orkuveita Reykjavíkur og Landsvirkjun. Við þátttöku í verkefninu munu sveitarfélögin verða að taka þátt í fjármögnun verkefnisins og þátttöku í verkefnastjórn,“ segir í fundargerð byggðaráðs Bláskógabyggðar sem tók jákvætt í erindið.

Fjöldi milljónamæringa:

## Hátt hlutfall ríkra í Ósló

**NOREGUR** Átta af þeim tíu borgum í heiminum þar sem flestir milljónamæringar í dollurum mælt búa eru í Evrópu. Þetta sýnir könnun WelthInsight sem gerð var fyrir bandaríska tímaritið Spears. Samkvæmt frétt á vefnum dn.no er Ósló í sjöunda sæti á listanum en þar býr nær einn af hverjum 30 íbúum við slíkt ríkidæmi.

Það þykir ekki koma á óvart að hlutfall auðkýfinga í Mónakó á frönsku rívíerunni sé hátt. Margir velstæðir búa einnig í Zürich og Genf í Sviss.

# Auglýstu ekki eftir sveitarstjóra þrátt fyrir vilja íbúa

Sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps réð sveitarstjóra án auglýsingar þrátt fyrir áskorun þriðjungs íbúa um að auglýsa. Vilji sveitarstjórnar kannski annar ef áskorunin hefði komið fram fyrr, segir nýráðinn sveitarstjóri.

### SVALBARÐSSTRANDARHREPPUR

Nýkjörin sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps réð Eirík Hauk Hauksson sem sveitarstjóra á fundi sveitarstjórnar fyrir helgi.

Á fundinum var einnig á dagskrá áskorun frá 83 íbúum, nærri þriðjungi kosningabærra manna í sveitarfélaginu, þess efnis að auglýsa ætti stöðu sveitarstjóra og viðhafa opin og gegnsæ vinnubrögð. Sú áskorun kom í kjölfar sveitarstjórnarfundar þar sem ákveðið var að ganga til samninga við Eirík í stað þess að auglýsa stöðuna.

Nokkurrar óánægju gætir í bæjarfélaginu með þessa ráðningu meirihluta sveitarstjórnar. Til að mynda greiddu tveir sveitarstjórnarmenn atkvæði á móti því að Eiríkur yrði ráðinn sveitarstjóri.

Eiríkur vék af fundi undir liðnum ráðning sveitarstjóra þar sem ganga átti frá ráðningarsamningi við Eirík þrátt fyrir að lög um hæfi sveitarstjórnarmanna segi ekki til um að hann hefði þurft þess. Atkvæði féllu svo þannig að þeir samþykktu ráðningu Eiríks en tveir voru á móti.

Halldór Jóhannesson samþykkti tillöguna um að ráða Eirík Hauk sem sveitarstjóra. Halldór og Eiríkur eru bræðrasynir og hefur Halldór starfað náið með föður Eiríks í viðskiptum í fjölda ára í gegnum einkahlutafélagið Veigastaði ehf.

Nýkjörin sveitarstjórn hafnaði áskorun þriðjungs kosningabærra manna um að auglýsa



**SVALBARÐSSTRÖND** í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps eru ekki allir á eitt sáttir um hvernig staðið var að ráðningu nýs sveitarstjóra.

stöðuna og reyna að fá hæfasta manninn í stöðuna. Sveitarstjórn hafnaði á þeim forsendum að hún hefði komið of seint og búið væri að ákveða að ganga til samninga við Eirík Hauk.

„Það var búið að ákveða að ganga til viðræðna við mig áður en listinn barst,“ segir Eiríkur Haukur í samtali við Fréttablaðið. „Það getur vel verið að vilji sveitarstjórnarfulltrúa hefði verið annar ef listinn hefði borist fyrr, en það eru bara svo

mörg ef í þessu að ekkert er hægt að fullyrða um slíkt.“

Eiríkur segir það alls ekki algilt að sveitarfélög auglýsi stöðu sveitarstjóra lausa. „Það er normið að auglýsa ekki stöður sveitarstjóra. Það er aðeins gert í undantekningartilvikum ef við skoðum landið í heild. Við sjáum það líka í sveitarfélögum í kringum okkur þar sem störf eru auglýst og yfir fjörutu manns sækja um en enginn er ráðinn,“ segir Eiríkur Haukur.

sveinn@frettabladid.is



„Það er normið að auglýsa ekki stöður sveitarstjóra. Það er aðeins gert í undantekningartilvikum ef við skoðum landið í heild.“

Eiríkur Haukur Hauksson, sveitarstjóri í Svalbarðsstrandarhreppi

Í verksmiðju Silcor Material sem áformað er að reisa á Grundartanga er beitt vinnsluaðferð sem hvergi annars staðar er notuð:

## Leysa mengandi vinnsluaðferð af hólmi á Katanesi

**NÝSKÖPUN** Verksmiðja Silcor Materials sem áformað er að reisa á Katanesi á Grundartanga í Hvalfirði verður sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum. Þar verður framleiddur sólar-kísill sem notaður er í sólarcellur sem vinna orku úr sólarljósi.



GUÐJÓN JÓNSSON

Guðjón Jónsson, efnaverkfræðingur hjá verkfræðistofnunni VSÓ, segir að hingað til hafi slíkur kísill verið unninn eftir svokölluðu Siemens-vinnsluferli sem er flókið, orkufrekt og mengandi. „Þetta nýja vinnsluferli er hins vegar einfalt, mun hagkvæmara og mengar nær ekkert. Ég er búinn að vera í efnaverkfræðinni í 30 ár og það er sjaldan sem maður sér hnökran leysta svo snilldarlega eins og þarna.“

Um er að ræða hreinsunaraðferð þar sem kísill, sem ekki er nógu tær til að vera notaður sem sólar-kísill, er hreinsaður. Það er gert með því að leysa hann upp í fljótandi áli. Að sögn Guðjóns hefur Silcor Materials framleitt slíkan sólar-kísil með þessum hætti í rúm tvö ár í tilraunaverksmiðju sinni í Kanada og gaf það svo góða raun að nú skal hafist handa af fullum krafti.

Guðjón segist vonast til að þessi nýja uppfinning verði til þess að bæta stöðu sólarorkunnar í samkeppninni við aðra orkugjafa.

Að sögn Davíðs Stefánssonar, sem hefur verið fyrirtækinu innan handar með ráðgjöf hér á

→ Ég er búinn að vera í efnaverkfræðinni í 30 ár og það er sjaldan sem maður sér hnökran leysta svo snilldarlega eins og þarna.

landi, er fyrirhuguð framleiðslugeta fyrirtækisins um 19.000 tonn en áætlað er að heimsframleiðsla, það er að segja allra framleiðenda í geiranum, verði um 500.000 tonn eftir fjögur ár. Það er einmitt þá sem verksmiðjan á að vera komin í full afköst en framkvæmdir við hana hefjast nú í haust.

Nýja verksmiðjan mun væntanlega skapa fjögur hundruð störf en það eru rétt um 200 færri en íbúar Hvalfjarðarsveitar þar sem nú þegar eru tvö stóriðjuver. -jse



**FRÁ FRAMLEIÐSLU SILCOR MATERIALS** Fyrirtækið hefur framleitt sólar-kísil með þessari aðferð í rúm tvö ár í tilraunverksmiðju sinni í Kanada þar sem þessi mynd er tekin.

MYND/SILCOR MATERIALS



**HONDA**  
The Power of Dreams

**ÞÚ & ÉG**

**HORFÐU Á HEILDARMYNDINA**



**HONDA CR-V KOSTAR FRÁ KR. 5.190.000**

Hvort sem þú vilt nýjustu tækni og frábæra aksturseginnleika í ferðalaginu að náttúruperlum eða fimm stjörnu öryggi og drifgetu til að bjóða ástvinum í rómantíska göngu á ströndinni þá er Honda CR-V fyrir þig. Bættu við hagstæðu verði og yfirdrífni innanrymi og þú sérð heildarmynd hagkvæma borgarjéppans sem hefur rakað að sér verðlaunum í öllum heimsálfum. Heildarmyndin endurspeglar í háu endursöluverði og verðlaunum sem áreiðanlegasti bílaframleiðandi heims áttunda árið í röð. Keyrðu Honda CR-V, betri 4x4 þegar á allt er lítið.

[honda.is/cr-v](http://honda.is/cr-v)



Vatnagörðum 24-26 • Sími 520 1100 • [www.bernhard.is](http://www.bernhard.is)

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ, sími 421 7800, Bílver, Akranesi, sími 431 1985  
Höldur, Akureyri, sími 461 6020, Bragginn, Vestmannaeyjum, sími 481 1535





## HEIMURINN



## Lói handtekinn fyrir árás á löggú

**1 BANDARÍKIN** Maður klæddur upp eins og ofurhetjan köngulóarmaðurinn (Spider-Man) var um helgina handtekinn fyrir að kýla lögreglumenn á Times-torgi í New York í Bandaríkjunum. Maðurinn, Junior Bishop, brást reiður við tilmælum lögreglu um að hætta að áreita ferðamenn á torginu. Bishop krafði konu um fimm Bandaríkjadali eftir að hafa setið fyrir á mynd með henni, en hún ætlaði að láta hann fá einn dal. Lögreglumaðurinn sem á var ráðist upplýsti Bishop um að hann mætti bara taka við þjófí, ekki krefja fólk um greiðslu.

## Prettán látnir eftir fellibylinn Matmo

**2 KÍNA** Prettán létust í Kína þegar fellibylurinn Matmo gekk þar yfir í lok síðustu viku, að því er kinnverska innanríkisráðuneytið upplýsti í gær. Fellibylurinn hafði í för með sér miklar rigningar í Taívan áður en hann gekk á land í Kína. Í Jangxi-héraði létust níu, fjórir í Guangdong-héraði og 290 þúsund manns þurftu að flýja heimili sín, segir ráðuneytið. Vonskuveður tengt Matmo er talið hafa orðið til þess að flugvélförst á eyju við Taívan á miðvikudag.



LEIT Í FLAKI 48 fórust þegar vél Trans-Asia fórst í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Eiginkonu aðstoðarforsætisráðherra rænt

**3 KAMERÚN** Liðsmenn íslömsku öfgahreyfingarinnar Boko Haram rændu eiginkonu aðstoðarforsætisráðherra Kamerún í mannskæðri árás árla morguns í gær. Issa Tchiroma Bakary, upplýsingaráðherra Kamerún, segir árásina hafa átt sér stað í bænum Kolofata, nyrst í Kamerún. Upplýsingar um fjölda fallinna og aðra sem kynni að hafa verið rænt voru á reiki. Ríkisstjórn Kamerún hefur tekið þátt í aðgerðum til að berjast gegn Boko Haram, þrátt fyrir viðvaranir hreyfingarinnar um að Kamerúnar eigi að hætta að skipta sér af, eða hætta á árásir ella.

## Höfum ekki efni á að gera ekki neitt

Hópurinn sem bjó við sára fátækt fyrir hrún býr við enn krappari kjör núna, segir Vilborg Oddsdóttir hjá Hjálparstarfi kirkjunnar. Hún leiðir vinnuhóp nýrrar velferðarvaktar sem skila á tillögum um úrbætur til stjórnvalda í byrjun næsta árs.

**SAMFÉLAG** „Ég talaði um það allan tímann að þegar réttist úr kútnum myndi hópurinn sem býr við sára fátækt sitja eftir og það hefur verið að koma í ljós undanfarið ár.“ Þetta segir Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi Hjálparstarfs kirkjunnar, sem leiða mun vinnuhóp nýrrar velferðarvaktar sem fjalla á um sára fátækt. Annar hópur mun sérstaklega fjalla um aðstæður barnafjölskyldna.

Velferðarvaktin var stofnuð að frumkvæði stjórnvalda snemma árs 2009 til að fylgjast með afleiðingum efnahagshrunsins á heimilum í landinu. „Hún hafði vítt starfssvið. Hún var meira í því að grípa utan um öngþveitið sem varð eftir hrúnið. Úrræði samfélagsins beindust fyrst og fremst að atvinnulausum en ekki þessum sem voru fátækir fyrir kreppu. Sá hópur býr við enn krappari kjör núna. Ég fagna þessu framtaki hjá félagsmálaráðherra að setja vaktina aftur af stað og það er gott að starfssvið hennar hefur verið þrengt.“

Vilborg bendir á að í tölum Hagstofunnar komi fram að tvö pró-



KRÖPP KJÖR Tvö prósent þjóðarinnar búa við sára fátækt. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

sent þjóðarinnar, eða sex til sjö þúsund manns, búi við sára fátækt. „Stærsti hlutinn er fólk sem hefur verið á örorkubótum til fjölda ára. Við erum kannski að horfa upp á þriðju kynslóð fólks sem er á örorkubótum og eða á framfæri félagsþjónustunnar. Við höfum ekki efni á að gera ekki neitt. Það kostar meira fyrir samfélagið að gera ekkert.“

Fyrst segir Vilborg eiga að kortleggja hópin. „Við munum svo

heyra í fólkinu sjálfu og kanna hvernig einstaklingarnir sjá sjálfir fyrir sér hvernig líf þeirra geti breyst. Lausnirnar þurfa að vera einstaklingsmiðaðar. Almennu úrræðin, eins og barnabætur og húsnæðisbætur, ná ekki til þessa hóps. Það þarf sértæk úrræði. Við þurfum að hugsa hlutina upp á nýtt.“

Markmiðið er að fyrstu tillögur nýrrar velferðarvaktar til úrbóta verði tilbúnar í byrjun næsta árs. [ibs@frettabladid.is](mailto:ibs@frettabladid.is)

## Stórgóður Sorento – fáanlegur sjö sæta



Eigum bíla til afgreiðslu strax!

SORENTO



The Power to Surprise

Kia Sorento er einhver áhugaverðasti og hagkvæmasti kosturinn í jeppakaupum. Að sjálfsögðu er 7 ára ábyrgð á nýjum Kia Sorento og gildir því til ársins 2021.

- 197 hestafla dísilvél, eyðir frá 6,7 l/100 km
- Sex þrepa sjálfskipting
- LED-ljós að framan
- Frábærir aksturseginnleikar
- Fáanlegur með bakkmyndavél
- Mjög rúmgóður
- Fáanlegur sjö sæta

Komdu og reynsluaktu, við tökum vel á móti þér.

Sorento Classic 2,2 dísil, sjálfskiptur

Verð frá 7.290.777 kr.





Græjaðu þig fyrir

Verzlunarmannahelgina



siminn.is

Þeir sem kaupa Samsung Galaxy S5 fá glæsilegt Gear Fit-úr, að andvirði 34.990 kr., með sem gjöf. Leyfðu Símanum að græja þig fyrir stærstu ferðahelgina.

Síminn tryggir að þú verðir aldrei orkulaus, getir kippt tónlistinni með þér hvert á land sem er og sért í góðu sambandi út alla Verzlunarmannahelgina.



**6800mAh orkukubbur**  
Ekki vera orkulaus um helgina.

**5.900 kr.**  
í stað 9.900 kr.



**Samsung Galaxy S5**  
Samsung Gear Fit fylgir með.\*

**7.290 kr.**  
á mánuði í 18 mánuði.  
Staðgreitt: 119.900 kr.



**Bose Soundlink Mini**  
Stjórnðu tónlistinni í útilegunni.

**39.890 kr.**  
Hlífðarhulstur að andvirði 4.990 kr.  
fylgir með á meðan birgðir endast.



\*Á meðan birgðir endast.






**1 FYRRVERANDI FÉLAGAR HANDTEKNIR** Óeirðalögregla og liðsmenn lögreglusveita sem berjast gegn hryðjuverkum umkringja hér fyrrverandi samstarfsmenn í dómhúsinu í Istanbul. Þeim er haldið vegna gruns um njósnir og/eða hleranir. Meðal þeirra sem talið er að hafi verið hleraðir eru Recep Tayyip Erdogan, forsætisráðherra Tyrklands, og yfirmaður leynipjónustu landsins. 20 lögreglumenn sæta ákæru og sitja í varðhaldi á meðan dóms er beðið. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**2 PRÖNGT MEGA SÁTTIR SITJA** Hvert pláss er nýtt og vel það þegar múslímarnir í Bangladesh halda heim á leið fyrir Eid al-Fitr hátíðina, sem haldin er við lok föstunnar í ramadan-mánuði, líkt og sjá mátti á lestarstöðinni í Dakka, höfuðborg landsins, í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



ÁSTAND HEIMSINS



**4 KAUPA INN FYRIR HÁTÍÐINA** Írakar kaupa inn fyrir Eid al-Fitr-hátíðarhöldin á Shorjah-markaðnum í miðborg Bagdad í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**5 TEKID Á PVÍ Í LEÐJUNNI** Kona keppir í „leðjuharki“ (e. tough mudder) í Klettwitz í Þýskalandi í gær. Þar tók fjöldi fólks þátt í keppninni, en í henni spreytir fólk sig á 16 til 19 kílómetra langri þrautabraut sem sögð er reyna á líkamsstyrk, úthald, samvinnu og andlega getu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



**3 STRANDGESTIR BAKAST Í NICE** Hitinn fór í 28 gráður við suðurströnd Frakklands í gær og nýttu ófáir sér veðursældina, líkt og sjá mátti á ströndinni í Nice. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



# SIEMENS



Fljótandi þvottaefni frá Ariel fylgir með öllum Siemens þvottavélum.



## Ný Siemens þvottavél

- með öllum þeim eiginleikum sem menn þurfa í dagsins önn.

[www.sminor.is](http://www.sminor.is)


Ný 7 kg þvottavél með íslensku stjórnborði.  
Hámarksvinduhraði: 1400 sn./mín. Orkuflokkur A+++.  
Tromlan („waveDrum“) fer einstaklega vel með þvottinn.  
15 mín. hraðþvottakerfi. Við hönnun vélarinnar hefur verið leitast við að gera hana mjög stöðuga og hljóðlátá („antiVibration Design“).

Við leggjum áherslu á hágæða vörur og fyrsta flokks þjónustu á góðu verði.

Kynningarverð:

**119.900 kr. stgr.**

Þvottavél, WM 14K267DN



Hraðkerfi 15'



anti-vibration Design



Tekur mest



A+++

Orkuflokkur

## SMITH & NORLAND

Nóatúni 4 · Sími 520 3000  
[www.sminor.is](http://www.sminor.is)



Sláandi ræður fulltrúa minnihlutahópa:

## Jafnrétti verður að ná til allra

Rúmlega ellefu þúsund manns gengu hina svonefndu Druslugöngu í Reykjavík á laugardaginn. Slík þátt-taka fer fram úr björtustu vonum og sýnir vonandi að æ stærri hluti þjóðarinnar lætur sig varða hvernig komið er fram við þolendur kynferðisofbeldis. Að göngunni lokinni voru haldnar ræður, ágætir allar og til þess fallnar að að vekja fólk til umhugsunar um þá fordóma sem þolendur kynferðisofbeldis mega sæta bæði frá löggæslu, dómsskerfi og almenningi. Tvær ræður skáru sig þó töluvert úr og voru, að öðrum ólöstuðum, það sem upp úr stóð í huga áheyrenda eftir daginn. Önnur fjallaði um ofbeldi gegn fötl-uðum konum og hin um viðhorf til asískra kvenna á Íslandi.



Friðrika Benónýsdóttir

fridrikab@frettabladid.is

Í ræðu Emblu Guðrúnar Ágústsdóttur kom fram að þrjár af hverjum fjórum fötl-uðum konum verða fyrir ofbeldi á lífsleiðinni. Það er geigvænlega hátt hlutfall og þeir fordómar og mannfyrirlitning sem að baki liggja ættu að valda andvökum hjá öllum sem heyrðu. „Við sem fatlaðar konur lifum við ákveðna ofbeldismenningu sem réttlætir allt ofbeldi og segir okkur að ofbeldið sé eðlilegur og óumflýjanlegur hluti af lífi fatlaðs fólks,“ sagði Embla meðal annars. Hörð orð en skelfilega sönn, sé tekið mið af statistik. Orð sem segja skelfilega sögu um þann hugsunarhátt sem ríkir í þjóðfélaginu, því eins og Embla benti á þá er hér ekki á ferðinni neitt náttúrulegt mál og það hlýtur að vera markmið alls hugsandi fólks að breyta þessum hugsunarhátti og standa vörð um réttlæti fatlaðs fólks eins og annarra þjóðfélagsþegna.

Hin ræðan sem skar sig úr og vakti óhug var ræða Cynthiu Trililani þar sem hún fjallaði um viðhorf samfélagsins til asískra kvenna sem hér búa. Þar kom fram að í augum Íslendinga væru konur af asískum uppruna álitnar fátækar, ómenntaðar, þægar, kúgaðar og kynferðisleg leikföng. „Þegar ég var að leita að vinnu var mér ráðlagt að vinna sem nuddari án þess þó að vera spurð um nám og reynslu mína. Í sumum tilfellum þegar ég fór út að skemmta mér með vinkonum mínum frá Asíu var okkur neitað um inngöngu á skemmtistaði með eftirfarandi ástæðu: Við erum að reyna að viðhalda góðu orðspori staðarins,“ sagði Cynthia.

Þeir fordómar og fyrirlitning sem í tilvitnuðum orðum dyravarðanna felast eru ekkert einsdæmi og sýna hversu langt í land við eigum til að Ísland geti kallast fjölmenningsþjóðfélag. Upplifun beggja þessara kvenna sem vitnað er í hér að framan ætti að verða okkur öllum áminning um það hversu langt við eigum í land til að allir hópar samfélagsins sitji við sama borð. Við stærur okkur gjarna af því að vera fremst í jafnréttismálum í heiminum en jafnrétti á ekki bara að vera á milli kynja, það verður að ná til allra þjóðfélagshópa. Það er ekki nóg að ráða svo og svo margar konur í ábyrgðarstöður í stjórnsýslunni. Á meðan minnihlutahópar kvenna búa við upplifun sem þessa frá degi til dags getum við ekki talað um að við höfum náð árangri í jafnréttismálum.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Milljón króna virði

Það er átakanlegt að renna yfir upplýsingar um launatekjur forstjóra í fyrirtækjum í tekjublaði Frjálsrar verslunar sem kom út á laugardag.

Alls eru 286 forstjórar á lista með yfir milljón á mánuði. Kvenkyns forstjórar með svo há laun eru þó einungis 36 talsins. 250 karlar á móti 36 konum. Ein kona fyrir hverja sjö karla. Það eru fjórar konur sem skipa sér á lista fjörutíu tekjuhæstu forstjóranna. Samanburðurinn gæti haldið endalaust áfram og hann er alltaf jafn sjokkerandi. Atvinnulífið er áratugum aftar á merinni þegar kemur að jafnréttismálum en eðlilegt getur talist.

#### Tekjuhæst á þingi

Ef skoðaðir eru fimm tekjuhæstu einstaklingarnir úr hverri af þeim tuttugu starfsstéttum sem úr er að móða í tekjublaðinu sést að einungis sex konur komast á lista. Athygli vekur þó að næsttekjuhæsti stjórn-málaformaðurinn er Katrín Jakobsdóttir, formaður Vinstri grænna. Hún var á ráðherraunum bróðurpart síðasta árs en að öðru leyti er staða hennar óútskýrð. Næsti flokksfélagi hennar á listanum er fyrirverandi ráðherrann Steingrímur J. Sigfússon en samkvæmt upplýsingum Frjálsrar verslunar munar 400 þúsund krónum á þeim tveimur.



Í tekjublaði ársins 2012 var Katrín skráð í 24. sæti yfir tekjuhæstu stjórnmalamennina.

#### Skárrí staða í skattamálum

Þrátt fyrir þennan mikla launahalla sem greint hefur verið frá eru konur engir eftirbátar karlanna þegar kemur að því að borga skatt.

Skattadrottningin og útgerðarkonan Guðbjörg M. Matthíasdóttir í Vestmannaeyjum greiðir næsthæstan skatt á Íslandi og ber höfuð og herðar yfir aðrar konur í þeim efnunum. Þó fylgja tvær konur í humátt á eftir henni og sú sérkennilega staða er uppi að þrjár konur skipa fjögur efsti sætin á lista yfir skattahæstu Íslendingana.

snaeros@frettabladid.is

### HALLDÓR



## Áfengi er engin venjuleg neysluvara

### NEYTENDUR



Silja Dögg Gunnarsdóttir þingmaður Framsóknarflokksins

Frelsi eins getur haft í för með sér ófrelsi annars. Hlutverk stjórnmalamanna er að tryggja almannahag og öryggi borgaranna – bæta samfélagið. Með lýðræðislegum kosningum veitum við þeim forræði í ákveðnum málaflokkum sem snúa að samfélagsmótun og framtíðarsýn.

Að mínu mati væri frjáls sala áfengis í matvöruverslunum EKKI framfaraspor fyrir íslenska þjóð. Í mörgum löndum er framleiðsla og sala á áfengi tekjulind fyrir bændur, framleiðendur, auglýsingastofur, rekstraraðila fjölmiðla og fjárfesta. Áfengi er einnig atvinnuskapandi, það aflar gjaldeyristekna vegna útflutnings og ríkissjóður hagnast vegna álagningar áfengisgjalds. Áfengi er því efnahagslega mikilvægt. En ábatinn af sölu og framleiðslu á áfengi er samfélaginu afar dýrkeyptur. Það er einkum þrennt sem leiðir til þess að áfengi veldur svo miklu líkamlegu, andlegu og félagslegu tjóni: 1) eitrun í líkamanum, 2) víma og 3) ánetjun (ffkn).

Tengsl milli áfengisvímu og skaða eru þó skýr og greinileg, sérstaklega hvað varðar ofbeldi, umferðarslys eða önnur slys. Samkvæmt Alþjóðaheilbrigðismálastofnuninni mátti á árinu 2000 rekja 4,0 prósent allra dauðsfalla og örorku í heiminum til áfengis („The Global Burden of Disease“). Áfengi reyndist því fimmti skaðlegasti áhættuþátturinn af 26 sem kannaðir voru. Áfengi veldur álfka miklu heilsutjóni og tóbak.

Velferðarnefnd Norðurlandaráðs fór í vandaða og umfangsmikla vinnu í þessum málaflokki fyrir ekki löngu þar sem skoðuð voru meðal annars gögn frá vísinda- og rannsóknaraðilum. Tillagan varð opinber stefna Norðurlandaráðs og er þess vænst að norræn ríki fylgi henni. Þar er ótvírætt sýnt fram á að aðgengi skiptir miklu máli hvað varðar neyslu, þar með talið neyslu ungmenna. Einnig er talið að forvarnir skipti því miður minna máli en menn hafa haldið almennt. Það sem er sagt skipta mestu máli er:

1. Álagning/skattar á áfengi.
  2. Áfengisverslun ríkisins.
  3. Aldurstakmörk.
  4. Takmarkað aðgengi, það er takmark á fjölda útsölustaða/opnunartíma.
  5. Bann við beinni og óbeinni markaðssetningu.
  6. Mörk gagnvart akstri undir áhrifum 0,5 eða 0,2 prómillum og sýnilegt og óvænt/tilfallandi eftirlit.
  7. Ráðgjöf í heilsugæslunni og öflugri meðferð þeirra sem eru háðir áfengi.
- Verum fyrirmynd annarra þjóða með ábyrgri stefnu í áfengismálum!

Heimildir: [http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi\\_engin\\_venjuleg.pdf](http://www.landlaeknir.is/servlet/file/store93/item10424/Afengi_engin_venjuleg.pdf) og tillaga Velferðarnefndar Norðurlandaráðs um norræna lýðheilsustefnu í áfengis- og tóbaksmálum.

### FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMAÐUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI: Sævar Freyr Þráinsson  
 ÚTGEFANDI: Kristín Þorsteinsdóttir RITSTJÓRAR: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is, Mikael Torfason mikael@frettabladid.is  
 Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

## SONOS FÁÐU ÞRÁÐLAUSAN AÐGANG AÐ TÓNLISTINNI Í ÖLLUM HERBERGJUM

Sonos er kerfi þráðlausra hátalara og hljómtækja. Það sameinar stafræna tónlistarsafnið þitt og útvarpsstöðvar í einu appi sem þú getur stjórnað frá hvaða síma eða spjaldtölvu sem er.

## Sjónvarpsmiðstöðin


RAFTAÆKJAVERSLUN • SÍÐUMULA 2 • SÍMI 568 9090 • WWW.SM.IS



# Að vera þjóð

## Í DAG

Guðmundur Andri Thorsson rithöfundur



Gunnar Smári Egilsson, sá hugfimi málaflýgjumaður, talar nú mjög fyrir því að Ísland gerist fylki í Noregi og færir fyrir því margvísleg fjórleg rök.

### Ég er skömm og skaðræði ...

Kannski er honum alvara – kannski ekki – og kannski öðrum þræði. Hann hugsar: Hvað eigum við eiginlega að gera til að hrista upp í þessu steindaða þrátefli sem íslenskt samfélag er um þessar mundir? Ganga í Noreg? Skárta en að ganga í Kína ... Reyndar er hann ekki fyrstur til þess að velta fyrir sér mjög róttækri lausn á tilvistarvanda Íslendinga: Jón Ólafsson ritstjóri vildi flytja alla þjóðina til Alaska og staðhæfði að íslensk tunga myndi breiðast þaðan út um alla Ameríku, sigra enskuna sökum yfirburða sinna, og verða alheimstunga. Sagan segir að hann hafi sannfært Ulysses Grant Bandaríkjaforseta yfir viskífloksku um að kaupa Alaska handa Íslendingum, en Íslendingar létu sér fátt um finnast. Nokkrum árum síðar fannst gull í Klondike. Þá værum við alheilísk rík. Eða ekki.

Við skulum hugsa þetta út frá Norðmönnum, og þá ekki til þess að taka undir þann dapurlega söng sem stundum heyrir í þessari umræðu, að Norðmenn hafi „engan áhuga á að taka við“ jafn ömurlegu fólki sem Íslendingum. Slíkt tal er til vitnis um sama öfugsnúna hugsunarháttinn um eigið samfélag og gegndarlaus sjálfsupphafning bóluáranna; það er til lítis að hætta að kyrja „Ég er gull og gersemi“ til þess eins að fara að baula „Ég er skömm og skaðræði ...“

En sem sé: hugsum þetta út frá Norðmönnum. Dæmin sýna okkur að engri þjóð er hollt að stjórna annarri þjóð; slíkt dregur fram ýmsa mannlega lesti sem grunnt er á í flestu fólki: yfirlæti, ofríki, umburðarleysi og tilætlunarsemi.

Gildir þá einu hvort svo mun eiga að heita að Íslendingar séu jafnréttáir Norðmönnum; tilvera Íslendinga mun fara fram á norskum forsendum, segi þeir sig til sveitar þar; þeir verða hjú í eigin landi, og hætt er við að Ísland verði einskær veiðistöð með einhverri risahöfn í Finnafirði og fáu öðru, en við öll farin, að reyna að meika það í Osló.

Íslendingum hefur almennt vegnað vel í Noregi en taki öll þjóðin sig til og gerist sérstakt fylki í Noregi gegnir öðru máli um sambýli þessara tveggja einkennilega ólíku þjóða.

Íslendingar eru vissulega afkomendur Norðmanna – en líka Kelta, sem skýrir bókmenntahefð okkar og virðingu fyrir tungumálinu, sem fjarlægari er Norðmönnum eins og sást á dögnum þegar norska ríkisstjórnin lagði niður starf við norsku orðabókina. Þeir hafa líka klórað sér mjög í hausnum að undanförunu yfir eigin stjórnarskrá, vegna þess að þeir skilja hana ekki lengur. Fólk í Noregi og á Íslandi hefur í aldanna rás þróað með sér ólík samfélög, ólíka menningu og siði, ólík tungumál, ólíka tilfinningu fyrir umhverfi sínu og heimahöfum; maður getur lagað sig að öllu slíku þegar maður flytur til annars lands, en hitt er meiri vandkvæðum bundið, að láta heilt samfélag taka upp nýjan hugsunarhátt; öll ósögðu boðorðin sem tilheyra því mengi sem við nefnum þjóð.

### Nýlenduhugsun

Engin þjóð – og allra síst smáþjóð á borð við Norðmenn – hefur gott af því að hafa yfir annarri þjóð að segja eins og fyrr segir, en hitt er þó verra: að láta aðra þjóð ráða yfir sér.

Allt það versta sem Íslendingar hafa þurft að glíma við á seinustu árum er afleiðing af nýlenduhugsunarhætti. Um aldir voru Íslendingar hjálenda Dana með tilheyrandi utanstefnum, klögumálum, bænaskráum og ábyrgðarleysi á eigin stjórn. Bandaríkjamenn tóku hálfpartinn við hlutverki Dana sem „verndari“ þessa þjóðarkrísis gegn afnotum af landi. Kaninn fór endanlega árið 2006. Við þjóðargjaldþroti lá tveimur árum síðar. Þar með er ekki sagt

Engin þjóð – og allra síst smáþjóð á borð við Norðmenn – hefur gott af því að hafa yfir annarri þjóð að segja eins og fyrr segir, en hitt er þó verra: að láta aðra þjóð ráða yfir sér.

að við séum munaðarlaust barn sem fer um stóreygt og spyr: Hver ætlar nú að sjá um mig?

Við eigum ekki að reyna aftur að halla okkur upp að einum sterkum verndara og setja allt okkar traust á hann, og að geta galdrað fram nægilega áhrifamiklar bænaskrár sem við sendum með reglulegu millibili. Okkur mun farnast betur sem þjóð ef við hættum að hugsa sem nýlenda.

Allar þjóðir gefa að vísu eftir hluta af svokölluðu fullveldi sínu í þágu sameiginlegra hagsmuna hinna stærri heilda – og er eðlilegur hluti alþjóðavæðingar. Okkur mun best farnast ef við göngum með höfuðið hátt til samstarfs við ótal aðrar þjóðir og treystum á almennar reglur fremur en dynti og velvilja einstakra ráðamanna.

Ég sá Gunnar Smára skrifa eitthvað á þá leið að það að halda gangandi íslensku samfélagi með öllum þeim kostnaði sem því fylgdi væri eins og tveir menn ætluðu að bera píanó. Þeir neitðu að horfast í augu við að það vantaði að minnsta kosti tvo í viðbót til að þetta gengi ...

En að vera þjóð er ekkert að bera píanó á einhvern stað, tveir, fjórir, fimm eða átta: spurningin snýst um hitt: að kunna að spila á það. Maður lærir ekkert frekar á píanó með því að rogast með það á nýjan stað heldur einungis með því að setjast niður og spila á það. Við þurfum að finna okkar tón á ný sem þjóð; ekki með því að vera mestu asnar í heimi og hvað þá með því að vera afbragð annarra þjóða.

Það að vera þjóð er ekki að bera píanó. Að vera þjóð er miklu frekar að vera píanó. Að láta ólíkar nótur hljóma, skærar, dimmar, hvítar og svartar, heilar og hálfar – óma saman og njóta sín hver og ein svo að útkoman verði samhljómandi.

– KOMDU NÚNA –

# TAXFREE DAGAR

20,32% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

– EKKI MISSA AF ÞESSU –

Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 25.5% virðisaukaskatt af söluverði. 20,32% afslátturinn er alfarið á kostnað Húsgagnahallarinnar.

BRIGHTON – 3JA SÆTA SÓFI – EIK & LEDUR



TAXFREE VERÐ!  
254.972  
KRÓNUR

AROS stóll, margir litir



TAXFREE VERÐ!  
10.350  
KRÓNUR

IVV SPEEDY skálar, 6 í setti



TAXFREE VERÐ!  
12.741  
KRÓNUR

# Inn um bakdyrnar

Fyrir rétt rúmum tvö þúsund árum fyrirskipaði Ágústus keisari að skrásetja skyldi alla heimabyggðina. Meðal þeirra sem þurftu að taka sig upp vegna þessa voru María mey og Jósef. Þau héldu frá Nasaret til Betlehem þar sem sagan segir að Jesús hafi fæðst. En hvað skyldi þessi skrásetning hafa kostað þau Maríu og Jósef? María mun hafa ferðast

## MENNTUN



Ísak Einar Rúnarsson formaður Stúdentaráðs HÍ

Hefðu þau hins vegar skráð sig í nám við Háskóla Íslands árið 2014 hefði það kostað þau 75.000 kr. á mann eins og stúdentar fengu að kynna 4. júlí síðastliðinn. Kostnaður við skráningu í HÍ er því hærri en allur reisukostnaður Maríu og Jósefs; á skrásetningu í Háskóla Íslands að kosta meira en skrásetning fyrir tvö þúsund árum?

### Ein skráning á fimm daga fresti

Reiknað er með að tekjur HÍ af skrásetningu nemenda verði heill milljarður; þúsund milljónir. Milljarður ætti að nægja til að ráða tæplega 4.300 skrifstofumenn á launataxta VR í einn mánuð eða um 360 ársstörf. Ef þessir 360 starfsmenn gerðu ekkert annað en að skrá nemendur í nám við Háskóla Íslands í heilt ár myndi það þýða að hver starfsmaður skráði einn nemanda á fimm daga fresti.

Fyrir þremur árum var skrásetningargjaldið ekki nema 45.000 kr. Það er þó mikið miðað við menntaskólana því MH virðist til dæmis geta skráð sína nemendur fyrir 6.000 kr. á önn. Er svo miklu meira verk að skrá nemanda í háskóla en í menntaskóla að það réttlæti 625 prósentu mun?

→ Ef menntamálaráðherra ætlar að breyta grundvallargildum menntastefnunnar, þá er lágmark að fram fari upplýst umræða um breytinguna í stað þess að henni sé smyglað bakdyramegin inn.

### Skólagjald eða skrásetningargjald?

Í ár var gjaldið hækkað upp í 75.000 krónur en skorið var niður í fjórframlögum til HÍ á móti. Hvert rennur svo skrásetningargjaldið? Jú, stór hluti skrásetningargjaldsins fer í rekstur kennslusviðs og deildarskrifstofa, kostnað af aðstöðu og stjórnun ásamt skipulagningu kennslu og prófa. Þessir liðir eru ekki annað en almennur rekstrarkostnaður skólans og því verður að draga þá ályktun að í raun sé gjaldið skólagjald en ekki skrásetningargjald.

Á Íslandi hefur lengi verið samstaða um að allir eigi að geta sótt sér menntun óháð efnahag og að ekki skuli taka gjald fyrir menntun. Ef menntamálaráðherra ætlar að breyta grundvallargildum menntastefnunnar, þá er lágmark að fram fari upplýst umræða um breytinguna í stað þess að henni sé smyglað bakdyramegin inn.



# HÚSGAGNAHÖLLIN

– Reykjavík – Akureyri –

EITTSÍMANÚMÉR 558 1100



Vissir þú að...

holl og góð fæða studlar að líkamlegu heilbrigði sem börn eiga retta



# Taka á upp friðarviðræður á ný

Við erum nú enn á ný vitni að harmleik í Miðaustralíu. Sameinuðu þjóðirnar, Evrópusambandið og allt alþjóðasamfélagið verða að knýja stríðsaðila til að gera vopnahlé og hefja friðarviðræður. Enn og aftur bitna átökin verst á almennum borgurum meðal Palestínunanna og Ísraelsmanna.

Langflest fornarlömbin eru saklausir Palestínunmenn sem ekki eiga þess kost að flýja átökin á lokuðu Gasa-svæðinu. Margir þeirra eru börn. Ísraelsríki hefur rétt til sjálfsvagnar en stjórnvöld verða að fylgja alþjóðalögum og forðast tjón meðal óbreyttra borgara. Í átökunum ber Ísrael sérstaka ábyrgð sem hernámsveldi, með yfirburðastöðu í hernáðarmætti. Við fordæmum ofbeldi sem ísraelsk stjórnvöld hafa beitt langt umfram tilefni. Það gengur þvert á þjóðarétt og grundvallarreglur mannréttinda.

## Refsiaðgerðum á að beita komist ekki á vopnahlé

Við fordæmum einnig eldfloagaárásir Hamas-samtakanna. Evrópusambandið telur Hamas til hermdarverkahópa, og samtökin beita aðferðum sem ekki verður unað. Til að nokkur kostur sé á að árangur náist í friðarferlinu verður ofbeldinu að linna. Ofbeldi og hatur leiða af sér meira hatur og ofbeldi í eilífum víthring.

Báðir deiluaðilar verða að hlíta kröfum SP og alþjóðasamfélagsins um varanlegt vopnahlé. Þann aðilanna sem ekki gengst inn á vopnahlé, eða báða, verður að beita

## UTANRÍKISMÁL



Stefan Löfven, formaður Jafnaðarflokksins, Svíþjóð



Jonas Gahr Støre, formaður Verkamannaflokksins, Noregi



Árni Páll Árnason, formaður Samfylkingarinnar, Íslandi



Antti Rinne, formaður Jafnaðarflokksins, Finnlandi

refsiaðgerðum af hálfu Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna. Samhliða friðarviðræðum ber að setja á stofn óháða rannsóknarnefnd sem kannar mannréttindabrot stríðsaðila í átökunum. Virða á hina mikilvægu grunnreglu um að þeir sem grunaðir eru um stríðsglæpi sæti ákæru fyrir rétti eins og aðrir afbrotamenn.

Vopnahléinu verður að fylgja strax eftir með raunverulegum friðarviðræðum undir alþjóðlegri forystu. Friðarsamningar sem byggjast á reglum þjóðaréttarins eru eina leiðin úr því öngþveiti á svæðinu sem raun ber vitni. Raunverulegir friðarsamningar eru einnig eini möguleikinn til að bæði Palestínunum og Ísraelsmönnum geti búið við annað en látlaust ofbeldi, vonlausu framtíð og brostna drauma.

Dvöl alþjóðaherliðs á svæðinu kann að reynast nauðsynleg forsenda friðarsamninga. Norrænu ríkin eiga að lýsa sig reidubúin til að taka þátt í slíkum aðgerðum.

Til að samningar leiði til friðar og stöðugleika þurfa þeir að varða bæði rætur átakanna sem nú hafa staðið í rúma sex áratugi og veita lausn á daglegum raunum Palestínunanna og Ísraelsmanna.

## Sérmerkjia á vörur frá hernumdu svæðum

Ísraelsríki verður að hætta hernámi sínu á Vesturbakkanum, vinda ofan af búsetustefnunni sem felur í sér stöðuga innlimun hernuminna landsvæða og létta herkvinni af Gasa-svæðinu. Við teljum æskilegt að vörur sem framleiddar eru í ísraelskum byggðum á hernumda svæðinu verði merktar sérstaklega til að neytendum gefist kostur á að kaupa þær ekki.

Við ráðum fyrirtækjum frá því að versla með vöru og þjónustu sem á uppruna sinn í ísraelskum byggðum á hernumdu svæðunum. Við hyggjumst beita okkur á alþjóðavettvangi fyrir aðgerðum gegn slíkri vöru.

Landamærin að Gasa-svæðinu



Á FLÓTTA Fólk sem leitaði fyrir helgi skjóls í skóla sem Sameinuðu þjóðirnar reka.

NORDICPHOTOS/GETTY

verður að opna fyrir mannúðaradstoð, fólk og verslun. Að þessu leyti ber Egyptalandsstjórn sérstaka ábyrgð. Ástand mannúðarmála og efnahagsástandið á Gasa verður að bæta. Hörmungarástandið nú er eitt og sér ógn við frið og lýðræðisþróun á Gasa.

Það er forsenda sanngjarnrar niðurstöðu í friðarsamningum að öllum hermdarverkum verði hætt og að báðir aðilar leggi sig fram um að koma í veg fyrir hermdarverkastarfsemi sjálfstæðra hópa og samtaka.

Jafnaðarmenn hafa í rúm 40 ár beitt sér fyrir sanngjörnu og varanlegu friðarsamkomulagi í átökunum milli Ísraels og Palestínu.

Reynslan hefur sannfært okkur

→ Fjórir leiðtogar norrænna jafnaðarflokka hvetja Ísraelsstjórn og Hamas-samtökin til að hætta stríðsátökum og taka á ný upp friðarviðræður.

um að tveggjaríkjalausnin, byggð á grundvallarsjónarmiðum þjóðaréttarins, er eina ráðið til að binda enda á deiluna og tryggja réttmæt kröfur bæði Palestínunanna og Ísraelsmanna um sjálfsákvörðunararrétt og öryggi.

Tveggja ríkja lausn krefst hins vegar að sjálfsögðu einnig gagnkvæmrar viðurkenningar og vilja til friðsamlegrar sambúðar.

# Þróunarsamvinna sem skilar árangri

Ný óháð úttekt á þróunarsamvinnu Íslands og Namibíu í sjávarútvegs- og fiskveiðisáttum sýnir mikilvægan árangur. Framlag Íslands á nær 20 ára tímabili skiladi markverðum skrefum í þá átt að aðstoða hið nýfrjálsa ríki við að taka við stjórn á auðlindum undan ströndum sínum og byggja upp sjávarútveg innanlands.

## ÞRÓUNARSAMVINNA



Stefán Jón Hafstein sviðsstjóri PSSÍ í Reykjavík

Namibía varð síðasta nýlendan í Afríku til að fá sjálfstæði árið 1990. Stuðningur Íslands hófst þá þegar og tók einkum til rannsóknna á fiskistofnum og að koma á laggirnar hafrannsóknastofnun, byggja upp sjómannaskóla fyrir heimamenn til að skapa atvinnutækifæri í fiskveiðum og efla innlendar stofnanir til að skipuleggja veiðar með hagkvæmum hætti. Í megindrættum tókst að byggja upp getu innan Namibíu til að stjórna og njóta arðs af auðlindum í hafi. Úttektina gerði Sigurður Bogason, ráðgjafi hjá Markmar.

## 1,6 milljarðar á 20 árum

Þróunarframlög Íslands til þessara verkefna frá 1990-2010 námu í heild rúmlega 14,7 milljónum dollara. Á núverandi gengi er það rúmlega 1,6 milljarðar króna, eða um 80 milljónir króna að meðaltali á ári. Af heildarfjárhæðinni runnu 42% til að byggja upp sjómannaskóla fyrir heimamenn og skapa þeim atvinnutækifæri. 34% runnu til hafrannsóknna, meðal annars að koma á laggirnar hafrannsóknastofnun. Aðrir liðir voru smærri í sniðum, en þar af má nefna tæknilega ráðgjöf við sjávarútvegsráðuneyti Namibíu sem leiddi til aflaskráningar og fiskeiðistjórnunarkerfis. Í skýrslunni kemst ráðgjafinn að því að í heild hafi samvinnan verið „mjög árangursrík“ og líkir uppbyggingu atvinnugreinarinnar við „kraftaverk“.

## Sjálfbær ávinningur

Þessi meginatriði koma fram í skýrslunni:

- Það ætlunarverk að byggja upp og koma sjávarútveginum í hendur heimamanna var árangursríkt og stenst til frambúðar.
- Framlag Íslands varð meðal annars til þess að geta heimamanna í sjávarútvegi óx hratt og framkvæmd færðist yfir í hendur heimamanna í eðlilegum áföngum.
- Leiðsögn frá Íslendingum til Namibíumanna sem urðu kennarar í sjómannaskólanum varð til þess að þeir gátu smátt og smátt tekið við allri kennslu sjálfir.
- Uppbygging innan hafrannsóknastofnunarinnar og í sjávarútvegsráðuneytinu kom á mikilvægum tíma og lagði grunn að frekari árangri.
- Aðstoð við Namibíu til að taka þátt í fjölþjóðlegu samstarfi var mikilsverð.
- Hröð uppbygging á nambískum fiskveiðigeira var einn af hornsteinum fyrir hið nýfrjálsa ríki og þróun efnahagslífs. Fiskveiðar og sjávar

útvegur í Namibíu skipta miklu máli í hagkerfinu með þeim ásetningi að stunda sjálfbærar veiðar.

## Lærdómar af úttektinni

Skýrsluhöfundur telur að árangur hafi almennt verið góður en nefnir nokkur atriði sem vanti upp á. Dæmi er tekið af alþjóðlegri gæðavottun fyrir sjómannaskólann sem enn skorti, en skipti máli fyrir framtíðarmöguleika. Hvatt er til þess að nambísk yfirvöld taki á. Þá er nefndur sá algengi vankantur í þróunarlöndum að skortur er á menntuðum starfsmönnum. Einnig kemur fram að ákveðnar tæknilausnir, sem eru lítill hluti heildarframlaga, hafi ekki virkað sem skyldi. Niðurstaðan bendir hins vegar ótvírætt til þess að í heildina tekið hafi Namibía náð góðum tókum á atvinnugrein og auðlindanýtingu þar sem lítill sem engin þekking var til staðar við sjálfstæði.

## Réttur tími og samhengi

Nokkrir ólíkir verkefnaþættir

→ Namibía varð síðasta nýlendan í Afríku til að fá sjálfstæði árið 1990. Stuðningur Íslands hófst þá þegar og tók einkum til rannsóknna á fiskistofnum og að koma á laggirnar hafrannsóknastofnun, byggja upp sjómannaskóla fyrir heimamenn til að skapa atvinnutækifæri í fiskveiðum og efla innlendar stofnanir til að skipuleggja veiðar með hagkvæmum hætti.

stuðluðu saman að því að í Namibíu óx þekking og geta til að reka sjálfbæran sjávarútveg. Sjávarútvegur landsins er efnahagslega mikilvægur, aðstoðin kom á réttum tíma fyrir Namibíu og þekking var til staðar á Íslandi til að veita hana þegar eftir var leitað.

Skýrslan liggur nú fyrir á vef Þróunarsamvinnustofnunar Íslands: iceida.is.

# Guðsmynd íslams og kristni

Guðsmynd íslams er mótuð af vitundinni um almáttugan guð sem ákveður örlög manna. Hann er lögmálsguð, æðsti löggjafi sem gefur ströng fyrirmæli um hvernig eigi að haga lífinu. Mannleg hegðun er njörvuð niður með lögum sem útheimta skilyrðislausu hlýðni. Samkvæmt kristinni trú er guð ekki löggjafi heldur kærleikur. Hann skapar mennina til að lifa í kærleika og þess vegna veitir það þeim mesta lífsfyllingu og lifa slíku lífi. Kristnir menn eru ekki skuldbundnir til að fylgja síðferðiskröfunni vegna þess að hún sé sett fram með guðlegri tilskipun heldur vegna þess að hún er forsenda þess að mannlíf- ið vaxi og dafni. Lögmál guðs er

## TRÚMÁL



Stefán Karlsson stjórnmálafræðingur og guðfræðingur

ekki eitthvað sem guð býr til heldur það sem guð er á sama hátt og þyngdarlögmálið er ekki það sem þyngdaraflið skapar heldur það sem þyngdaraflið er. Íslam leggur m.ö.o. mikið upp úr ytri hegðun og reglum en kristindómurinn skoðar hjartað og það sem býr innra með manningum.

Í íslam er ekki greint á milli stjórnmála og trúarbragða. Íslamistar stefna að því að skapa guðveldi á jörð. Slík hjálpræðisvæðing hins veraldlega ríkis hefur sínar afleiðingar. Þegar andlegt ríki trúarinnar og veraldlegt ríki ytra heimsins falla saman fellur aðgreining guðs, manns og heims um sjálfa sig. Trúin hættir að vera bundin andlegum veruleika, innri veröld

mannsins. Trúarlegar áherslur fara að beinast að ytri veruleika og veröldin verður vettvangur átaka góðs og ills. Trúarlegt ríki íslamista öðlast ígildi guðdómsins. Það er upphafið sem guðlegt fyrirbæri sem ekki má vefengja. Þetta er forskrift að alræðisríki sem teygir sig út yfir allan veruleika mannsins og kæfir allt eðlilegt mannlíf.

## Hafna lýðræðinu

Íslamska ríkið getur aldrei orðið lýðræðislegt því að engum er heimilt að gagnrýna þá stofnun sem guð hefur sett á laggirnar. Íslamistar hafna líka lýðræðinu. Það sé hugarfóstur manna sem hvergi sé að finna stað í Kóraninum. Slíkt stjórnaform gengur gegn guðsmynd íslamista um guð sem strangan löggjafa sem hefur bæði birt sínar reglur í

Kóraninum og þær refsingar sem liggja við brotum gegn þeim. Salmann Tamini hefur lýst því yfir að þegar íslamska ríkið verði að veruleika sé eðlilegt að taka upp þá reglu að handahöggva þjófa. Það er ekki tilviljun að lýðræðið á erfitt uppdráttar í íslamska heiminum.

Í kristinni trú er gerður greinarmunur á trúarbrögðum og stjórnmálum. Ríki mitt er ekki af þessum heimi, sagði Kristur. Lúther setti fram hina svonefndu tveggja ríkja kenningu. Samkvæmt henni hefur guð sett á laggirnar tvö ríki, veraldlegt og andlegt. Andlega ríkið er endurfært af náð og stjórnað af fagnaðarerindinu. Veraldlega ríkið er afskræmt af synd og stjórnað með lögum. Ríkjunum tveimur verði að halda aðskildum en það er forsenda hins veraldlega

→ Íslamska ríkið getur aldrei orðið lýðræðislegt því að engum er heimilt að gagnrýna þá stofnun sem guð hefur sett á laggirnar. Íslamistar hafna líka lýðræðinu. Það sé hugarfóstur manna sem hvergi sé að finna stað í Kóraninum. Slíkt stjórnaform gengur gegn guðsmynd íslamista ...

nútímaríkis. Í íslamskri trú er þessi aðgreining ekki viðurkennd. Íslamskt ríki skal það vera með sínum forneskjulegu reglum. Rit höfundurinn Salman Rushdie telur því að umbótahreyfing þurfi til að laga mikilvægustu trúarsetningar íslams að samfélögum nútímans.



**FRJÁLS VERSLUN**

# TEKJUBLAÐIÐ TRYGGÐU ÞÉR EINTAK!

**Takmarkað upplag - aðeins selt í 13 daga\***

\*skv. ákvörðun Tölvunefndar



**FRJÁLS VERSLUN**

[www.heimur.is](http://www.heimur.is)

Áskriftarsími  
**512-7575**

  
**heimur**



## MERKISATBURÐIR

**1662** Á Kópavogsfundi láta Árni Oddsson lögmaður og Brynjólfur Sveinsson biskup undan kröfum danska valdsins um að samþykka einveldi Danakonungs á Íslandi.  
**1895** Vígð er brú á Þjórsá við Þjótanda að viðstöddu fjölmenni.  
**1928** Sumarólympíuleikar eru settir í Amsterdam.  
**1957** Hallgrímskirkja í Saurbæ er vígð.



**HEIMSPEKINGURINN** Tessa de Zeeuw heimspekingur er annar helmingur tvíeykisins sem stendur fyrir dagskránni Barokkið er dautt. MYND/ÚR EINKASAFNI

## Barokkið er dautt

Hollenska tvíeykið Erica Roozendaal harmóníkuleikari og Tessa de Zeeuw heimspekingur halda tónleika með heimspekiávi.

Dagana fyrir og eftir verslunarmannahelgina verður hollenska tvíeykið Erica Roozendaal harmóníkuleikari og Tessa de Zeeuw heimspekingur á ferð um Suðurland og suðvesturhornið. Þær munu flytja tónleika- og heimspekidagskrá undir nafninu „Barokkið er dautt“ eða „The Baroque is Dead“. Á efnisskrá er tónlist eftir Bent Sørensen, John Zorn, Yuji Takahashi, Ørjen Matre ásamt splunkunýju verki eftir Hafðísi Bjarnadóttur sem nefnist Vögguvísa fyrir eldfjall. Inn í tónleikana fléttast heimspekilegar hugleiðingar og upplestur um vatnabuffaló, eldfjöll, Þórberg Þórðarson og alræði svo eitthvað sé nefnt.

Tónleikarnir verða sem hér segir: 30. júlí klukkan 16.00 í Kötluasetri, Vík í Mýrdal, 31. júlí klukkan 21.00 á Þórbergsetri, Hala í Suðursveit, 6. ágúst kl. 20.00 á Sunnlenska bóka-kaffinu, Selfossi, og 7. ágúst kl. 21.00 í Mengi, Óðinsgötu 2 í Reykjavík. Aðgangur er ókeypis á alla tónleikana og allir velkomnir á meðan húsrúm leyfir.

+

Elskuleg móðir okkar,  
**RAGNA JÓHANNSDÓTTIR**  
 Keilusiðu 6, Akureyri,

lést á Dvalarheimilinu Hlíð fimmtudaginn 24. júlí. Útför hennar fer fram frá Akureyrarkirkju þriðjudaginn 29. júlí kl. 13.30.

**Börn og fjölskyldur.**

+

**INGÓLFUR RAFN KRISTBJÖRNSSON**  
 kerfisfræðingur,  
 Leifsgötu 22, Reykjavík,

verður jarðsúnginn frá Frikirkjunni í Reykjavík þriðjudaginn 29. júlí kl. 15.00.

**Gréta Tómasdóttir**

<b>Björn Skorri Ingólfsson</b>	<b>Lovísa Þórðardóttir</b>
<b>Árni Ingólfsson</b>	<b>Drífa Hrund Árnadóttir</b>
<b>Guðrún Inga Ingólfssdóttir</b>	<b>Þorvarður Jón Löve</b>
<b>Anna Björg Hjartardóttir</b>	<b>Þórarinn Bjarnason</b>
<b>Guðmundur Karl Snæbjörnsson</b>	<b>Laufey I. Gunnarsdóttir</b>

barna- og barnabarnabörn.

Nýtt á heimsíðu

## VARANLEGT LETUR

Eingöngu hjá Graníthöllinni

Eitt mesta úrval landsins af fallegum legsteinum og fylgihlutum hjá Graníthöllinni

Graníthöllin  
Legsteinar

www.granithollin.is

Bæjarhrauni 26 Hafnarfirði ☎ 555-3888

**PETTA GERÐIST:** 28. JÚLÍ 1662

## Erfðaeinveldið samþykkt á Kópavogsfundi

Kópavogsfundurinn var haldinn 28. júlí 1662 en tilgangur hans var að fá Íslendinga til að samþykka erfðaeinveldið.

Áður hafði konungurinn verið kjörinn af helstu fulltrúum ríkisins en varð síðan ekki löglega konungur fyrr en fulltrúar allra þjóðanna sem tilheyrðu Danaveldi höfðu samþykkt hann. Henrik Bjelke kom til Íslands til að láta Íslendinga skrifa undir erfðahyllinguna.

Samningurinn var kallaður Kópavogssamningurinn og afleiðingarnar voru þær að lög sem konungur setti hlutu sjálfkrafa gildi á Íslandi.

Erfðaeinveldið gildi til ársins 1874 þegar Íslendingar fengu stjórnarskrá.



## Opnar sýninguna Miðbaug í gamalli fiskbúð

Victor Ocares opnaði sýninguna Miðbaug síðastliðinn laugardag.

„Sýningin dregur hugmyndir og innblástur af reynslu minni af því að vera bæði Sílemaður og Íslendingur og dínámíkina þar á milli,“ segir Victor Ocares, sem skoðar rætur sínar í sýningunni Miðbaugur sem var opnuð á laugardaginn.

Hann nýtir sér ofhlaðin tákni úr heimi stærðfræðinnar og viðskipta og vísar í eigin sögu sem rás að stærra samhengi.

„Ég nota persónulega reynslu mína sem þessa rás að stærra samhengi og leyfði ferlinu að fara með verkin á óvæntar slóðir. Með hómor og sinnuleysi snerta verkin á hnattvæðingu, flugum og glundroðanum,“ segir Victor, léttur í bragði.

Victor Ocares býr og starfar á Akureyri, en hann útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2013. Hann hefur tekið þátt í sýningum vítt og breitt um landið.

„Sýningin er á þeirri línu sem ég hef verið að vinna áður og er framhald á sýningu sem hét REC,“ útskýrir Victor. „Verkin sjálf eru öll unnin sérstaklega fyrir þessa sýningu og þar má telja sjö myndverk, tvo skúlptúra og eitt textílvörk.“

Sýningin var opnuð eins og fyrr sagði á laugardaginn, klukkan fimm í Gallerí Harbinger, sem er tiltölulega nýstofnað gallerí. Sýning Vectors er önnur sýningin sem haldin hefur verið í galleríinu að Freyjugötu 1, þar sem áður var starfrækt fiskbúð um árabíl.

olof@frettabladid.is



**HÁLFUR SÍLEMAÐUR** Victor Ocares hefur áður sýnt vítt og breitt um landið. Fréttablaðið/Arnbór

## Úr 20. aldar tónlistararfi Rússa

Strokkvartettinn Siggí leikur öndvegisverk tveggja stærstu tónskálda Rússa annað kvöld á síðustu sumartónleikum ársins í Sigurjónssafni á Laugarnestanga.

„Við ætlum að spila Strengjakvartetta númer 1 ópus 50 eftir Sergei Prokofiev og númer 8 ópus 110 eftir Dmitri Sjostakovitsj. Þeir tilheyra báðir þessum rússneska 20. aldar tónlistararfi. Sjostakovitsj-kvartettinn er líklega þekktasta kvartett tónskáldsins. Prokofiev kvartettinn er ekki eins mikið spilaður en hann er ágætlega aðgengilegur,“ segir Sigurður Bjarki Gunnarsson sellóleikari þegar forvitnast er um tónleikana í Sigurjónssafni annað kvöld. Þessi „við“ sem hann talar um eru saman í Strokkvartettinum Siggá. Auk hans eru það kona hans, Þórunn Ósk Marinósdóttir víóluleikari, og fíðuleikararnir Una Sveinbjarnardóttir og Helga Þóra Björgvinsdóttir sem öll eru líka strengjaleikarar í Sinfóníuhljóm-sveit Íslands.

Þau eru að ljúka æfingu fyrir þriðjudagstónleikana heima hjá Sigurði Bjarka og Þórunni Ósk þegar ég hringi og ég heyri í litlu barni á bak við Sigurð Bjarka. „Við erum að þússla saman



**STROKKVARTETTINN SIGGÍ** Sigurður Bjarki, Una, Helga Þóra og Þórunn Ósk.

MYND/KRISTÍN RAGNA GUNNARSDÓTTIR

sumarfrii, barnaupveldi og æfingum. Þess vegna æfðum við nú hér heima núna,“ segir hann léttur.

Með þessum tónum lýkur 26. starfsári sumartónleika Listasafns Sigurjóns Ólafssonar. gun@frettabladid.is



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ

## UM HELGINA

Ertu búin/n að ákveða hvað þú ætlar að gera um næstu helgi? Ef ekki er hægt að skoða netsíðuna [verslunarmannahelgin.is](http://verslunarmannahelgin.is) en þar er haldið utan um það allra markverðasta sem er að gerast á landinu um helgina.



GÆÐI - ENDING - ÁNÆGJA



[www.weber.is](http://www.weber.is)



**MÆLIR MEÐ**  
Gary Martin hefur notað DAX-vax í mörg ár og mælir með notkun þess fyrir alla.  
MYND/DANIEL

## GARY MARTIN NOTAR DAX-VAX

**HALLDÓR JÓNSSON KYNNIR** Knattspyrnumaðurinn og KR-ingurinn Gary Martin hugsar vel um hárið. Hann mælir með því að allir noti DAX-vax en til eru þrjár gerðir af því sem henta öllum hárgerðum.

Gary hefur verið að gera góða hluti með KR en hann er frá norðausturhluta Englands. Hann sagðist í samtali við blaðið hafa notað DAX-vax í mörg ár. „Ég keypti DAX alltaf heima á Englandi og kom með það hingað. Ég er því afar ánægður með að það skuli loksins fást hér á landi. Þetta er mikil gæðavara sem fer vel með hárið. Ég nota aldrei neitt annað vax, það er einfalt í notkun og þægilegt að móta hárið með því.“

Gary segist nota allar þrjár gerðirnar eftir því hvað hann sé að fara að gera. „Ég hugsa vel um hárið og DAX auðveldar mér að hafa það eins og ég vil. Ég set vaxið í hárið fyrir leiki og einnig á eftir.“

DAX er amerískt vörumerki en þeir sem ferðast mikið til útlanda þekkja vöruna og hafa gjarnan komið með hana með sér heim. Sumir vilja kalla DAX töffaravax og margir þekkta íþróttamenn segja nota það daglega. DAX hefur verið mjög vel tekið hér á landi. DAX-vax er fyrir alla.

Tegundirnar þekkjast á lit dósanna. Bláa dósin er sérstaklega gerð fyrir stutt hár til mótunar en Gary segist nota það mest. Vaxið er með blöndu af olíum sem gefa næringu og flottan gljáa í hárið. Í því er bæði kókosolía og svokölluð castor-olía.

Silfurlita dósin er mjúkt mótunarefni með meðalhald fyrir hárið. Gary segist oft nota þetta vax.

Rauða dósin er mest notuð af fólki á leið á djammað. Þetta vax mótar hárið massíft og er vinsælt hjá þeim sem vilja að hárgreiðslan haldist vel allt kvöldið.

DAX-vax hentar öllum hárgerðum og er á mjög góðu verði. DAX-vax er orðið að nokkurs konar tiskuvöru, enda fylgjast þeir vel með tiskustráum sem nota það. Frábær lausn fyrir þá sem vilja geta mótað hárið eftir eigin hentugleikum og láta það líta út fyrir að vera þykkara. Einungis þarf að setja smávegis á fingurgömana og móta hárið. DAX-mótunarefni fást í Bónus og Hagkaup.



## Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali


**TUDOR** SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

## SAGA - FREYJA - ÞÓR - ÓÐINN

Framúrskarandi heilsudýnur á góðu verði

Með 5 svæðaskiptu pokagormakerfi.  
Góður lágbaksstuðningur.  
Mýkra og betra axlarsvæði.  
Vandaðar kantstyrkingar.  
Fullkomin nýting á svefnfleti



Fimm stjörnu verslun

Svefn & heilsa

★★★★★

Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233  
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150  
Opíð virka daga kl. 10:00 - 18:00  
Laugardaga 12:00 - 16:00

[www.svefn.is](http://www.svefn.is)

Heilsudýnur á frábæru verði  
Verðdæmi á Sögu og Freyju  
Með botni og fótum stgr.

Stærð	153x203	Verð	144.900 kr.
	160x200		149.900 kr.
	180x200		169.900 kr.
	180x210		179.900 kr.

12 mán.  
vaxtalausr  
greiðslur\*

\*3.5% lantökugjald





**HITA KÚTAR**  
Amerísk gæða framleiðsla

30-450 lítrar

Umboðsmenn um land allt

**RAFVÖRUR**

DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI  
SÍMI 568 6411 · RAFVÖRUR@RAFVÖRUR.IS

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**  
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**  
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**  
Sölumenn:  
**Bryndis Hauksdóttir**,  
bryndis@365.is, s. 512 5434  
**Kolbeinn Kolbeinsson**,  
kolli@365.is, s. 512 5447

**Barnaheill**  
Save the Children in Iceland

við þu að...  
þetta er  
þetta er  
og hefur  
húsið  
í ofbeldi



**NORÐLENSK HÖNNUN** Sandra Kristín Jóhannesdóttir útskrifaðist sem grafískur hönnuður frá Myndlistaskólanum á Akureyri. Lokaverkefnið hennar var þó loftljósið Trítón sem fæst nú í Epal.

**Gólfhitakerfi**  
Ekkert brot ekkert flot

- Þægilegur hiti góð hitadreifing
- Hítasveiflur / Stuttur svörunartími
- Aðeins 12mm þykkar hitadreifiplötur
- Fljótlegt að leggja
- Ekkert brot ekkert flot
- Dreifiplötur límbar beint á gólf
- Gólfefni lagt beint á dreifiplötur (flisar, parket)
- Hentar vel í eldra húsnæði jafnt sem ný hús og sumarhús
- Flooré gólfhitakerfi er einfalt, fljótlegt og þægilegt

Skemmuvegur 10 (blá gata) 200 Kópavogur  
Sími 567 1330 Fax 567 1345 www.hringas.is

**Hringás ehf.**

# ARNE Í UPPÁHALDI

**ÍSLENSK HÖNNUN** Söndru Kristínu Jóhannesdóttur fannst vanta íslensk ljós á markaðinn. Hún hannaði loftljós sem lokaverkefni úr Myndlistaskólanum á Akureyri fyrir ári og nú er það komið í verlanir.

Það er kannski ekki venjulegt fyrir grafískan hönnuð að hanna vöru sem lokaverkefni. Mér fannst bara vanta íslensk ljós á markaðinn og langaði að reyna mig við ljósaönnun,“ segir Sandra Kristín Jóhannesdóttir, grafískur hönnuður, en loftljósið Trítón eftir hana er komið á markað.

Ljósið er samsett úr mörgum örmum úr duft-húðuðu stáli og raðar kaupandinn því saman sjálfur. Öll framleiðsla fer fram á Akureyri en Sandra Kristín útskrifaðist úr Myndlistaskólanum á Akureyri fyrir ári.

„Ég er komin með tvær stærðir, í svörtu og hvítu, en hugmyndin er að hægt verði að kaupa staka arma í lit og bæta inn í ljósið,“ útskýrir Sandra Kristín. „Ég legg mikið upp úr einfaldri hönnun og ætla að halda áfram á þessari braut. Áhugi minn liggur í vörühönnun. Þetta er harður heimur en ég er spennt að sjá hvernig þetta mun ganga hjá mér. Ég er þegar komin með drög að vegggljósum í stíl við Trítón á teiknborðið,“ segir hún.

Sandra Kristín býr í líttli íbúð á Akureyri og dreif stærra ljósið upp í eldhúsinu hjá sér. Í barnaherbergi setti hún upp minna ljósið, í hvítum lit, og segir það hafa slegið í gegn.

„Minna Trítónljósið kemur mjög vel út í barnaherberginu og vekur mikla lukku. Skuggaspilið á veggjunum er svo skemmtilegt þegar fer að rökkva,“ segir Sandra Kristín og viðurkennir að spá talsvert í heimilisstílinn. Hún fari þó sínar eigin leiðir í því eins og öðru.

„Ég hef gaman af áskorunum og að gera ekki það fyrirsjáanlega. Skólafélagarnir gerðu oft grín að mér fyrir það. Ég fer alltaf lengri leiðina að hlutumum.“

Spurð hvort hún eigi sér einhvern uppáhaldshönnuð segir Sandra Kristín danska húsgagnahönnuðinn Arne Jacobsen sinn aðalmann.

„Hann hefur verið í uppáhaldi hjá mér frá því ég var lítil. Ég hefði viljað vera uppi á þessum tíma, getað hannað heilt hótél frá A til Ö án þess að blikna. Mér finnst Arne Jacobsen sigildur.“

# LINDEX STÆKKAR

**LINDEX KYNNIR** Ný og endurbætt Lindex-verslun verður opnuð í Kringlunni 4. október. Þá verður í fyrsta skipti boðið upp á heildarvörulínu undirfatadeildar Lindex auk þess sem bætt verður við barna- og unglíngalínuna.

Í tilefni þess að sextíu ár eru nú liðin frá því að fyrsta undirfataverslun Lindex var stofnuð og að liðin eru þrjú ár frá því Lindex hóf starfsemi á Íslandi hefur verið ákveðið að stækka verslunina í Kringlunni og bjóða jafnframt í fyrsta skipti upp á heildarvörulínu undirfatadeildar Lindex. Ný og endurbætt verslun verður opnuð 4. október. Þá mun Lindex Kids-vörulínan, sem hefur verið afar vel tekið, einnig stækka. Eftir stækkun verður verslunin í Kringlunni um 380 fermetrar og gert er ráð fyrir því að starfsmenn Lindex á Íslandi verði um 90 talsins.

„Við erum sérlega þakklát fyrir þann mikla meðbyr sem við höfum fengið með opnun Lindex Kids í Kringlunni og erum gríðarlega spennt fyrir því að geta boðið upp á enn betra vöruúrval samhliða því að gera undirfatadeildinni betri skil,“ segir Lóa Dagbjört Kristjánsdóttir, umboðsaðili Lindex á Íslandi.

Lindex var upphaflega stofnuð sem undirfataverslun í Svíþjóð en býður í dag upp á kventískufatnað, nærfatnað og barnafatnað. Í vor var kynnt til sögunnar ný undirfatnalína undir yfirskriftinni Bravolution. Hún hefur fengið afar góðar viðtökur hér á landi en hún er hönnuð með það í huga að hver kona geti fundið sér brjóstahaldara sem passar fullkomlega. „Með þessari byltingarkenndu aðferð mun verða mun auðveldara, fljótlegra og þægilegra fyrir viðskiptavininn að velja sér brjóstahaldara,“ sagði Inger Lundqvist, hönnunar- og innkaupastjóri í undirfatadeild Lindex, þegar línan var kynnt.



**HEILDARVÖRULÍNA UNDIRFATNAÐAR VÆNTANLEG** Lindex var upphaflega stofnuð sem undirfataverslun. Í vor var kynnt til sögunnar ný og byltingarkennd undirfatnalína sem er hönnuð með það í huga að hver kona geti fundið sér brjóstahaldara sem passar fullkomlega.

Stækkunin mun sem fyrr segir einnig ná til Lindex Kids, meðal annars með stækkun í barna- og unglíngadeild. Hin vinsæla MOM-lína fyrir verðandi mæður mun einnig fá veglegri sess.

Stækkunin mun sem fyrr segir einnig ná til Lindex Kids, meðal annars með stækkun í barna- og unglíngadeild. Hin vinsæla MOM-lína fyrir verðandi mæður mun einnig fá veglegri sess.

**NÝTT – NÝTT**  
**8 rétta hlaðborð í hádeginu**

**TILBOÐ**  
**KR. 1.390.-**

**OPÍÐ KL. 11:00-14:00**  
Hlaðborðið er alla virka daga, ekki um helgar.

**Kinahofid**

NÝBÝLAVEGI 20 SÍMI 554-5022



## LANDMARK

FASTEIGNASALA

Sími 512 4900  
landmark.is

Landmark leiðir þig heim!



Magnús Einarsson  
Lögilltur  
fasteignasali  
Sími 897 8266

Sigurður Samúelsson  
Lögilltur  
fasteignasali  
Sími 896 2312

Sveinn Eyland  
Lögilltur  
fasteignasali  
Sími 690 0820

Íris Hall  
Lögilltur  
fasteignasali

Þórarinn Thorarensen  
Sölustjóri  
Sími 770 0309

Kristberg Snjólfsson  
Sölufulltrúi  
Sími 892 1931

Eggert Mariúson  
Sölufulltrúi  
Sími 690 1472

Guðrún Dilljá  
Lúðvíksdóttir  
skjalagerð

Sigurður Fannar Guðmundsson  
Sölufulltrúi  
Sími 897 5930

Benedikt Ólafsson  
sölufulltrúi  
Sími 661 7788

## 100% þjónusta = árangur\*

\* Starfsemi Landmark byggir á öflugum mannauði sem veitir afburðaðþjónustu! Okkur er sönn ánægja að sjá um þín fasteignaviðskipti – þú hringir við seljum!

DOMUSNOVA  
domusnova.is Fasteignasala

Básbryggja 51

Verð 105.900.000



Stærð : 334fm  
Herbergi : 7  
Byggingarár : 2010  
Fasteignamat : 62.400.000

Ein af glæsilegustu íbúðum borgarinnar staðsett í fallegu fjölbýli með lyftu. Einstakleg vönduð eign á frábærum stað í bryggjuhverfinu. Einstakt útsýni til allra átta sem hægt er að njóta á þrennum svölum eignarinnar. Stutt er til útivistar og fallegra gönguleiða. Stór tvöfaldur bílskúr. 334fm og 7 herbergja.



Víðir Kristjánsson  
Sölufulltrúi  
vidir@domusnova.is  
Sími : 854-2226



Einar Hannesson  
HDL.Lögilltur  
fasteignasali

www.domusnova.is

www.domusnova.is

## Fallegt hús í Vesturbænum

Fasteignasalan TORG kynnir:  
Fallegt einbýlishús á tveimur hæðum ásamt steinsteypum kjallara að Sólvallagötu.

Húsið er 235,5 fermetrar að stærð og þar af er 25,2 fermetra steinsteypur bílskúr sem var byggður nýr frá grunni 2006. Húsið hefur verið mikið endurnýjað á undanförunum árum, m.a. eldhús, baðherbergi, lagnir og fleira. Skipt var um glugga í stofu og járn á öllu húsinu árið 1999 og húsið var drenað árið 2006. Árið 2010 var byggður fallegur sólpallur út frá stofunni með stiga niður í garðinn. Húsið var málað að utan 2013 og rafmagn endurnýjað um 1985. Í forstofu eru fallegir sérsmíðaðir skápar. Eldhúsið er rúmgott með beykiinnréttingum og -borðplötum. Góður borðkrókur og korkflísar á gólfi. Innbyggð Miele-uppvottavél og tvöfaldur ofn fylgja með, einnig innbyggður Siemens-ísskápur og keramikhelluborð.



Samliggjandi stofur með parketi á gólfi. Vængjahurð er úr stofu út á verönd. Forstofuherbergi er opið inn í stofu og forstofu. Parket á gólfi. Möguleiki væri á að loka því og nota sem svefnherbergi. Á efri hæð eru þrjú rúmgóð svefnherbergi og flísalagt baðherbergi með baðkari og sturtuklefa.

Innangengt er úr forstofu í kjallara en einnig er sérinnangangur. Þar er þvottahús, snyrting og tvö stór herbergi.



Opið hús í dag að Sólvallagötu 57.

Allar nánari upplýsingar veitir Hafdis Rafnsdóttir sölustjóri, gsm 895-6107, eða hafdis@fastorg.is  
**OPIÐ HÚS Í DAG, 28. JÚLÍ, kl. 18.30-19.00, SÓLVALLAGATA 57.**

## Fasteignasala Mosfellsbæjar

Einar Páll Kjærnested  
lögg. fasteignasali.  
einar@fastmos.is



KJARNNA - PVERHOLTI 2 • 270 MOSFELLSBÆ • SÍMI: 586 8080 • FAX: 586 8081  
WWW.FASTMOS.IS

### Lómasalir 12 - 201 Kópavogur

Nýtt á skrá



Mjög björt og falleg 123,7 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja endaíbúð á efstu hæð með frábæru útsýni í lyftuhúsi, ásamt bílastæði í lokaðri bílageymslu við Lómasali 12 í Kópavogi. Eignin skiptist í þrjú svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, sjónvarpshol, eldhús og stofu. Íbúðinni fylgir sérgeymsla í kjallara. V. 37,2 m.

### Stakkhamrar 27 -112 Reykjavík

Laus strax



Fallegt og vel skipulagt 167,3 m<sup>2</sup> einbýlishús með innbyggðum bílskúr við Stakkhamra 27 í Grafarvogi. Hellulagt bílplan og garður með timburverönd í suðvestur. Eignin skiptist í 3-4 svefnherbergi, forstofu, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu, borðstofu og bílskúr með góðu geymslulofti. V. 49,9 m.

### Árbraut - Meðalfellsvatn

Nýtt á skrá



Fallegt sumarhús, ásamt gestahúsi, gróðurhúsi, vinnuskúr/gymslu, sánaklefa og bátaskýli. Frábær staðsetning með glæsilegu útsýni við vatnið. V. 16,9 m.

Vatnalóð

### Jötunborgir 7 - 112 Reykjavík



Mjög fallegt 180,2 m<sup>2</sup> parhús á tveimur hæðum með bílskúr á fallegum útsýnisstað við Jötunborgir 7 í Grafarvogi. Eignin skiptist í forstofu, gestasalerni, stóra stofu/borðstofu og eldhús á efri hæð og sjónvarpshol, 2 barnaherbergi, baðherbergi, stórt hjónaherbergi m/fataherbergi, þvottahús og geymsla á neðri hæð. V. 49,5 m.

### Klapparstígur 14 - 101 Rvk

Laus strax



Falleg og björt 89,1 m<sup>2</sup>, 3ja herbergja íbúð á 3. hæð í lyftuhúsi við Klapparstíg 14 í Reykjavík. V. 39,9 m.

### Porláksgesli 27 - 113 Rvk



Mjög falleg 113,5 m<sup>2</sup>, 4ra herbergja íbúð með fallegu útsýni á efstu hæð í 3ja hæða lyftuhúsi, ásamt bílastæði í bílarkjallara við Porláksgesla 27 í Reykjavík. V. 35,9 m.

### Gerplustræti 25-27 - 270 Mosfellsbær

Allt að 90% fjármögnun



Glæsilegar 4ra og 5 herbergja íbúðir í lyftuhúsi við Gerplustræti 25-27 í Mosfellsbæ. Íbúðirnar eru fullbúnar með eikarparketi og flísum, vönduðum tækjum og glæsilegum innréttingum frá GKS. Sérstæði í bílageymslu fylgir öllum íbúðum. Rúmgóðar suðursvalir og sérgarður á 1. hæð. Glæsilegt útsýni. Stærðir frá 129 til 152 fm.

Verð frá. 35,5 m.

Nýjar íbúðir

Lausar strax

### Stórákriki 1A - 270 Mosfellsbær

Laus strax



Falleg og rúmgóð 102,7 m<sup>2</sup>, 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í lyftuhúsi við Stórákriki 1A í Mosfellsbæ. Íbúðin skiptist í rúmgott svefnherbergi, forstofuhól, baðherbergi, þvottahús, eldhús, stofu og borðstofu. Sérgeymsla í kjallara. V. 26,5 m.

### Krókabyggð 18 - 270 Mosfellsbær



Fallegt 108 m<sup>2</sup> raðhús við Krókabyggð 18 í Mosfellsbæ. Um er að ræða 96 m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð ásamt 12 m<sup>2</sup> rislofti sem er að grunnflieti mun stærra. Timburverönd og garður í suður. V. 35,9 m.

### Lindabyggð 28 - 270 Mosfellsbær



Fallegt og bjart 164 m<sup>2</sup>, 5 herbergja parhús ásamt 22 m<sup>2</sup> opnu bílskýli innst í botnlanga við Lindabyggð 28 í Mosfellsbæ. Frábær staðsetning í vinsælu hverfi. Gróinn garður með timburverönd, útigeymslu og gróðurhúsi. V. 44,9 m.





**Jón Guðmundsson**  
Lögg. fasteignasali  
jon@fastmark.is



**Guðmundur Th. Jónsson**  
Lögg. fasteignasali  
gtj@fastmark.is



**Eliás Haraldsson**  
Lögg. fasteignasali  
elias@fastmark.is



**Gísli Rafn Guðfinnsson**  
Söluþáttur  
gjsi@fastmark.is



**Elín D. Wyszomirski**  
Lögg. fasteignasali  
elin@fastmark.is



**Magnús Axelsson**  
Lögg. fasteignasali  
magnus@fastmark.is



**Halveig Guðadóttir**  
Skrifstofustjóri  
halveig@fastmark.is

Óðinsgötu 4, Sími 570 4500, opið virka daga kl 9 – 17.  
Netfang: fastmark@fastmark.is – www.fastmark.is

## Í TRAUSTUM HÖNDUM Í ÁRATUGI

# Vegna mikillar sölu óskum við eftir öllum stærðum og gerðum eigna á söluskrá. Skoðum og metum samdægurs. Sanngjörn sölubóknun.

### Efstaleiti – 4ra herbergja útsýnisíbúð á efstu hæð.



4ra herbergja 154,3 fm. glæsileg útsýnisíbúð á 3. hæð (efstu) í glæsilegu fjöleignarhúsi "Breiðabliki" miðsvæðis í Reykjavík. Samliggjandi stórar stofur með útgengi á svalir til suðurs, sjónvarpsherbergi innaf stofum, rúmgott hjónaherbergi og skrifstofuherbergi. Sérmerkt bílastæði í bilageymslu og hlutdeild í mikilli sameign. Á hverri hæð hússins eru setustofur, lagðar náttúrugrjóti, bjartar og rúmgóðar. Húsvörður er búsettur í húsinu. Lóðin er glæsileg með sundlaug, heitum pottum o.fl.

**Verð 55,0 millj.**

### Suðurgata. Heil húseign.



Virðulegt timburhús á steinkjallara við Suðurgötu 12 í Reykjavík. Húsið er kjallari og tvær hæðir, samtals 357,2 fm. að gólfleti auk 21,8 fm. bílskúrs. Húsið stendur á fallettri og gróinni um 900 fm. lóð. Átta bílastæði eru á baklóð hússins og möguleiki er á að fjölga bílastæðum á lóðinni enn frekar. Húsið var reist árið 1899 af Ásgeiri Sigurðssyni kaupmanni. Fyrir rúmlega 20 árum var húsið allt endurnýjað að utan sem innan. Undanfarnin 25 ár hafa verið starfræktar lækna- og heilbrigðisstarfsemi auk þess sem það myndi sóma sér vel sem glæsilegt íbúðarhús í hjarta borgarinnar.

### 2JA HERBERGJA



#### BJARGARSTÍGUR- REYKJAVÍK.

- Falleg 57,2 fm. íbúð á neðri hæð í tvíþýli.
- Sameiginlegur inngangur er með íbúð á efri hæð.
- Endurnýjað baðherbergi og gólfefni.
- Frábær staðsetning í miðbæ Reykjavíkur.

**23,9 millj.**

### 3JA HERBERGJA



#### GAUTAVÍK- RVK. SÉRINNGANGUR.

- Mjög fin 112,1 fm. íbúð á efri hæð með sér inngangi í Grafarvogi. Eignin er staðsett í lokuðum botnlanga. Stofa með útgangi á flísalagðar suðaustursvalir. Tvö rúmgóð herbergi. Þvottaherbergi innan íbúðar. Stutt í alla þjónustu m.a skóla og leikskóla. Egilshöll er í göngufæri.

**32,5 millj.**

### Skógarsel - 2ja herbergja íbúð.



Mjög fallet og rúmgóð 106,7 fm. íbúð á 3 hæð í mjög fallettu og snyrtilegu lyftuhúsi. Sér inngangur frá svalagangi. Fallegar samstæðar eikarinnréttingar. Parket og flisar á gólfum. Sér stæði í upphitaðri bilageymslu og tvær geymslur fylgja íbúðinni. Eignin skiptist í forstofu, hol/gang, svefnherbergi, baðherbergi, þvottahús, eldhús og stofa. Íbúðin er laus til afhendingar strax.

**Verð 39,9 millj.**



#### RJÚPNASALIR 2JA – 3JA HERB. ÍBÚÐ

- 93 fm. útsýnisíbúð á 10. hæð í Salarhverfinu.
- Yfirbyggðar svalir í suðaustur.
- Möguleiki að stúka af gott herbergi í hluta stofu.
- Einstakt útsýni er úr íbúðinni.

**28,5 millj.**



#### BÁSBRYGGJA- REYKJAVÍK.

- Glæsileg 100,0 fm. íbúð á 1. hæð í litlu fjölbýlishúsi.
- Frábær staðsetning við sjávarkambinn. 30,8 fm. bílskúr.
- Opið eldhús. Rúmgóð stofa. 2 herbergi.
- Sjávarútsýni af svölum. Þvottaherb. innan íbúðar.

**34,9 millj.**

### 4RA – 6 HERBERGJA



#### KÓPAVOGSBRAUT – KÓPAVOGI.

- 115,3 fm. hæð og ris ásamt 33,1 fm bílskúr í þríbýlishúsi. Húsið var allt klætt að utan árið 2006. Íbúðin sem er ný-máluð skiptist m.a. í eldhús með eikarinnréttingu, stofu og borðstofu með gluggum á tvo vegu og 3 herbergi. Bílskúrinn er innréttaður sem íbúðarherbergi í dag.

**41,5 millj.**

### 4RA- 6 HERBERGJA



#### ASPARFELL – 7 HERB. PENTHOUSE

- Glæsileg 187,0 fm. penthouse íbúð á 8. hæð í nýuppgerðu fjölbýlishúsi. Um 100 fm. sér þakgarður, yfirbyggður að hluta fylgir íbúðinni. Frábært útsýni til allra átta. 25,5 fm. bílskúr fylgir eigninni. Sér þvottaherbergi með glugga á hæðinni. Íbúðin er ein á þessari hæð hússins

**43,9 millj.**



### Erluás - Hafnarfirði.

Glæsilegt 267,0 fm. einbýlishús á tveimur hæðum á frábærum útsýnisstað neðst í Erluási í Hafnarfirði. Verulega aukin lofthæð er á efri hæð hússins, eða allt að 6,0 metrar og innfæld lýsing í loftum. Gríðarlega fallett útsýni á efri hæð og af verönd útaf neðri hæð hússins. Bjartar og glæsilegar stofur. Mögulegt er að hafa allt að 5 svefnherbergi í húsinu. Lóðin er með stórum hellulagðri innkeyrslu og stéttum fyrir framan hús. Stór og skjólgóð viðarverönd er vestan við húsið og heitur pottur á henni. **Verð 69,9 millj.**



### Ljárskógar - Reykjavík.

Vel staðsett 210,9 fm. einbýlishús á þremur þöllum með stórum skjólgóðri verönd til suðurs og innbyggðum 38,4 fm. bílskúr. Samliggjandi stofur með arni og útsýni til sjávar og víðar. Sex herbergi. Sjónvarpshol með útgangi á viðarverönd til suðurs. Opið eldhús við stofu. Húsið stendur á 1.067 fm. lóð innst í botnlanga og er stór hellulagð innkeyrsla fyrir framan húsið.



### Vindakór 16 – Kópavogi . 3ja herbergja íbúð með verönd.



**OPIÐ HÚS Í DAG**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45**

Mjög falleg, björt og vel skipulögð 105,1 fm. íbúð á jarðhæð með stórum afgirtri verönd. Sér þvottaherbergi og sér geymsla innan íbúðar. Bæði baðkar og sturtuklefi í baðherbergi. Parket og innréttingar eru úr hvíttaðri eik, innihurðir eru úr eik og Mustang flisar eru á eldhúsi og baðherbergisgólfi. **Íbúðin getur verið laus til afhendingar fjótlega.**

**Verð 29,9 millj.**

Íbúð merkt 0102. Verið velkomin.

### Funalind 7 - Kópavogi. 4ra herbergja útsýnisíbúð ásamt bílskúr.



**OPIÐ HÚS Í DAG**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45**

Glæsileg 109,9 fm. útsýnisíbúð á 5. hæð með yfirbyggðum svölum í lyftuhúsi í Lindahverfi í Kópavogi. 24,6 fm. bílskúr fylgir íbúðinni. Rúmgóð stofa með útgengi á yfirbyggðar svalir til suðurs með útsýni til sjávar og yfir bæinn. Baðherbergi nýlega endurnýjað. Tvö rúmgóð svefnherbergi. Fataherbergi innaf. Sér geymsla á 6. hæð.

**Verð 35,9 millj.**

Íbúð merkt 0503. Verið velkomin.

### Akurgerði 46 - Reykjavík. Parhús.



**OPIÐ HÚS Í DAG**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45**

Vel skipulagt 143,7 fm. parhús á tveimur hæðum að meðtöldum 25,9 fm. bílskúr á þessum eftirsóttasta stað í Smábúðahverfinu. Stofa með útgengi á verönd til suðurs með skjólveggjum. Þrjú herbergi auk fataherbergis. Eldhús með máluðum hvítum innréttingum. Vel staðsett eign. Stutt í skóla og aðra þjónustu.

**Verð 32,9 millj.**

Verið velkomin.

### Stóragerði 17. Efri sérhæð ásamt bílskúr.



**OPIÐ HÚS Á MORGUN**

**Eignin verður til sýnis frá kl. 17.15-17.45**

Mjög falleg og vönduð 5 herbergja 129,5 fm. efri sérhæð við Stóragerði auk 25,9 fm. bílskúrs. Íbúðin hefur verið mikið endurnýjuð á sl. árum, m.a. baðherbergi, innréttingar að stórum hluta, settur nýr arinn og loft tekin niður í hluta íbúðar og sett upp óbein lýsing. Samliggjandi stofur með gluggum í þrjár áttir og útgengi á svalir til vesturs. Rúmgott hjónaherbergi með fóstum innréttingum og góðum skápum.

**Verð 44,9 millj.**

Verið velkomin.

## SÉRBÝLI



### STALLASEL - RVK. EINBÝLISHÚS Á ÚTSÝNISSTAÐ.

377,1 fm. einbýlishús sem er tvær hæðir auk kjallara að meðtöldum 41,7 fm. innbyggðum tvöföldum bílskúr. Sér íbúð er í kjallara. Rúmgóð stofa og borðstofa. Eldhús með eikarinnréttingu. Fimm herbergi. Gengið út á svalir/bílskúrspak af stígapalli. Í kjallara eru auk sér íbúðar herbergi/hobbyherbergi og góðar geymslur. **Afar vel staðsett í enda götu. Lóðin er ræktuð 800,0 fm. að stærð.**

**64,9 millj.**

## SÉRBÝLI



### FORNASTRÖND - SELTJARNARNESI.

Glæsilegt 237 fm. algjörlega endurnýjað einbýlishús á einni hæð, á frábærum stað á Seltjarnarnesi. Húsið er byggt eftir verðlaunateikningu Ulriks Arthúrssonar arkitekts árið 1972 og hann teiknaði enn fremur viðbyggingu 2008. Íbúðarrýmið, sem er frábærlega hannað, er tæpir 200 fm., en um 40,0 fm. geymslu- og vinkjallari er undir húsinu sem bæði er gengt í innan- og utanfrá.

**Verð tilboð.**

## 4RA- 6 HERBERGJA



### NORÐURBRÚ - GBÆ. 4RA HERB. MEÐ VERÖND.

Björt og vel skipulögð 4ra herbergja 124,6 fm. íbúð á jarðhæð með gluggum í 3 áttir og útgengi á verönd í góðu álklaedu fjölbýlishúsi. Sér staði í bilageymslu fylgir og lyfta er í húsinu. Stofa með gólfisíðum gluggum og útgengi á verönd til suðurs. Opið eldhús með birkinnréttingum. Sjónvarpshol og þrjú herbergi. Staðsetning eignarinnar er góð þaðan sem stutt er í skóla, leikskóla, íþróttasvæði o.fl.

**39,9 millj.**



### SKRÚDÁS – GARÐABÆ.

Mjög fallegt, vandað og vel skipulagt 235,9 fm. einbýlishús á einni hæð með innbyggðum 37,1 fm. bílskúr á útsýnisstað í Garðabæ. Fimm rúmgóð svefnherbergi eru í húsinu. Mikil lofthæð er í stærstum hluta hússins og innfelld lýsing í loftum að stórum hluta. Allar innréttingar, innihurðir og loftaklæðningar að mestu eru úr beyki. Stórar verandir með skjólveggjum.

**73,9 millj.**



### MÓAFLÖT – GARÐABÆ

Glæsilegt 210,4 fm. einbýlishús á einni hæð að meðtöldum 48,8 fm. innréttuðum bílskúr á Flötunum í Garðabæ. Húsið var nánast allt endurnýjað hið innra og ytra fyrir ca. 5 árum síðan og er í mjög góðu ástandi. Gólfefni eru ný og gólfhitalagnir í öllu húsinu. Allar innréttingar, innihurðir, eldhús, baðherbergi og lýsing í loftum eru endurnýjuð. 1.046 fm. gróin lóð með verönd til suðurs

## SÓLVALLAGATA



### Sólvallagata. Glæsilegt einbýlishús.

